



Í leit að nýju lífi Flóttamenn bíða eftir að verða fluttir með lest frá Makedóníu að landamærum Serbíu. Um 42 þúsund flóttamenn hafa farið í gegn um Makedóníu síðan um miðjan júní. Sjá síðu 4 NordicPhotos/EPA

KRÓNAN

Ávaxtamarkaður Krónunnar



Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

ADEINS 40 kr. STYKKIÐ ef keypt eru 10 stk. - annars 50 kr. stk.

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis

Meintur nauðgari fælist samfanga úr vinnunni

Fangi á Litla-Hrauni sakar samfanga um kynferðislega misnotkun fyrir um tveimur árum. Segist ekki hafa þorað að tala við lögreglu af ótta við hefndir. Meintur gerandi fékk nýverið starf á vinnustað fórnarlambins í fangelsinu.

FANGELSISMÁL „Í tilviki eins og þessu, þar sem vaknar minnsti grunur um kynferðislega misnotkun innan veggja fangelsisins, er það alltaf tilkynnt til lögreglu. Í varnaðarskyni þá aðskiljum við einstaklinga sem koma að máli,“ segir Margrét Frimannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni. Þar telur fangi sig beittan misrétti með því að einstaklingur, sem hann sakar um að hafa beitt sig kynferðislegri misnotkun, hafi fengið starf á vinnustað hans.

Fyrir um tveimur árum tilkynnti Margrét til lögreglunnar á Selfossi að grunur léki á að umræddur fangi væri beittur kynferðislegri misnotkun af tveimur samföngum sínum. Lögreglan hóf rannsókn á málinu. Mennirnir voru skildir að og hafa ekki verið á sama gangi í fangelsinu síðan.

Fanginn segir samfanga sína hafa beitt hann kynferðislegu ofbeldi í klefa hans og í sturtuklefa.

Á dögnum fékk svo annar meintra gerenda starf á vinnustað fangans á

Litla-Hrauni. Út af þessu segist fanginn finna fyrir mikilli vanlíðan. Hann geti ekki unnið með manni sem misnotað hafi hann kynferðislega og hefur hætt að mæta í vinnuna.



Margrét Frimannsdóttir, fangelsisstjóri

Margrét segir að fyrir tveimur árum hafi vaknað grunur við eftirlit starfsmanna og svo hafi aðrir bent á að brot kynnu að vera að eiga sér stað. „Lögreglunni var strax tilkynnt um málið og rannsókn lauk svo því meintur brotaþoli neitaði mjög eindregið að nokkuð hefði átt sér stað,“ segir hún. Hefði brot verið staðfest þá hefðu gerendurnir hins vegar undantekningarlaust verið fluttir í annað fangelsi. „Þá eru verkstjórar yfir föngunum allan tímann í vinnunni. Ef

fanginn leggur hins vegar fram kvörtun yrði rætt við hann og ákvörðun tekin eftir þörfum.“

Fanginn segist hafa neitað brotunum við skýrslutöku hjá lögreglu vegna ótta við hefndaraðgerðir mannanna.

„Þegar þetta tilvik kom upp þá var ekki búið að breyta reglunum þannig að fangar máttu vera inni á klefum hver hjá öðrum,“ segir Margrét og bætir við að þegar ofbeldi eigi sér stað innan veggja fangelsisins þá sé það oftast inni á klefum þar sem engar öryggismyndavélar eru. „Auðvitað er það skerðing á lífsgæðum fanganna að þeir megi ekki vera í klefum hver annars því þeir voru oftast þar bara í saklausum tilgangi. Því miður þá koma upp tilvik sem verða til þess að þetta er bannað.“

Aðrir fangar á Litla-Hrauni sem rætt var við eru hneykslaðir á stöðunni. Burt séð frá því hvernig gangi að sanna brot þá eigi ekki að setja meintan brotamann og fórnarlamb saman í vinnu. nadine@frettabladid.is

Ólétt Arna Bára keppir hjá mexíkóska Playboy

FÓLK Arna Bára Karlsdóttir sat fyrir hjá Playboy í Mexíkó í september í fyrra og vann sér þar með inn réttinn til að keppa um



titilinn Playmate of the Year og á þar með möguleika á að prýða desemberhefti tímaritsins. „Svo allt í einu er ég bara orðin dálítið ólétt,“ segir Arna Bára og skellir upp úr. Hún er nú komin rúma sjö mánuði á leið.

Töð myndataka er áætluð í byrjun desember svo tíminn er ansi knappur. „Ég hef samt ekki stórar áhyggjur, ég er mjög fljót að koma mér í samt horf eftir barnsburð.“ – ga / sjá síðu 52

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Segir fjármálaráðherra nánast leggja til að Íslendingar verði ómarktæk þjóð. **13**

SHALDÖR **12**

SPORT Þjálfari íslenska landsliðsins var ánægður með Eistlandsferðina **16**

MENNING Samið hefur verið tónverk byggt á „Guð blessi Ísland“-ræðunni. **22**

LÍFID Kött Grá Pé fer yfir vísanir og duldar líkingar í erindi sínu í laginu Brennun allt. **26**

PLÚS — 2 SÉRBLÖÐ
● FASTEIGNIR ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Órói í Kötlum mögulega oftúlkaður

JARÐVÁ Órói sem mælst hefur í Kötlum síðustu 15 ár kann að hafa haft meira með bráðnun jökulhettunnar að gera en hættu á eldsambrotum.


Endurtúlkun á gögnum við Kötlueldstöðina bendir til að mælingar kunni að hafa verið oftúlkaðar. Niðurstaðan dregur þó í engu úr því að Katla er fyrir löngu komin á tíma

og gæti gosið hvenær sem er, segir Benedikt G. Ófeigsson, sérfræðingur á sviði jarðskorpuhreyfinga hjá Veðurstofu Íslands. „Það er ekki hægt að túlka þetta sem svo að minni hættu sé á gosi,“ segir hann. Ljóst sé þó að taka þurfi meira tillit til bráðunar jökla í rannsóknum og vöktun eldstöðva eins og Kötlum. – shá / sjá síðu 10

Það er ekk hægt að túlka þetta sem svo að minni hættu sé á gosi.

Benedikt G. Ófeigsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

Veður



Austlæg átt í dag, allhvöss við S- og SA-ströndina, en léttir víða til, en rigning vestast á landinu fram eftir degi. Hiti víða 13 til 21 stig.



Guðmundur Steingrímsson, Heiða Kristín og Óttarr á meðan allt lék í lyndi. Mynd/BF

Margir velta fyrir sér formannsstöðu

STJÓRNMÁL. „Ég er ekkert búin að ákveða neitt en ég neita því ekkert að þetta hefur verið rétt,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar. Á laugardag varð ljóst að formaður flokksins, Guðmundur Steingrímsson, hygðist segja af sér embættinu.

Helst hefur verið rétt um að Heiða Kristín Helgadóttir, stofnandi og varaþingmaður Bjartrar framtíðar, ætti að fara í framboð til formanns. Hún segir að hennar megináhersla sé á framgang kvenna. „Ég vil sjá konur þarna inni taka miklu meira pláss og forystu. Sama hvað menn segja gerist það ekki oft nema það sé mjög fókuserað.“

Það er þá ákveðnum vandkvæðum bundið að formaður sé ekki sitjandi þingmaður. „Það sem ég held að flokkurinn þurfi sé að tala það út hvað hann stendur fyrir.“

Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, segist ekki hafa persónulegan metnað í að verða formaður. „Á sama tíma heyrir ég alveg umræðuna og ég veit að ég sem kjörinn þingmaður fyrir flokkinn þarf að taka ábyrgð á því og flokknum minum. Ég get ekki sagt að ég sé í einhverjum startholum að opna kosningaskrifstofu.“ Hann segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort flokkurinn taki upp það fyrirkomulag að reglulega verði skipt um formann. „Ég er alveg opin fyrir því að taka þátt í að taka ábyrgð á Bjartri framtíð.“ – **SNÆ**

Tæplega 72 milljónir króna söfnuðust í áheitum maraþonsins



Um fimmtán þúsund manns hlupu í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka á laugardag, margir til styrktar góðu málefni. Hér má sjá stuðninginn þakkaðan. Fréttablaðið/Anton

Sprengingar í vöruskemmu í herstöð í Japan

JAPAN Nokkrar sprengingar urðu í vöruskemmu í bandarískri herstöð í Japan í gærkvöldi. Herstöðin er í útjaðri Tókýó.

EKKI er talið að neinni hafi slasast né að um sé að ræða árás á herstöðina. Vöruskemman sem sprakk hósti eldfim efni og sprengiefni en engin skotvopn né geislavirk efni.

Fjöldi slökkviliðsmanna var við slökkvistörf fram á nótt.

Í apríl síðastliðnum sprangu þrjár sprengjur í annarri herstöð skammt frá þessari. Í það skiptið var talið að öfgafullir vinstrisinnar hefðu komið sprengjum fyrir.

Þetta er þriðja spengingin á skömmum tíma sem verður í Austur-Asíu. Í síðustu viku urðu sprengingar í kínversku borginni Tianjin en þar létust minnst 121. Í gær varð síðan sprenging í borginni Shangdong.

Herstöðin er í eigu Bandaríkjamanna en til stendur að afhenda hana japönskum stjórnmálum á næstu árum. – **SRS**

Endaði alveg óvart í fyrsta sæti hlaupsins

Fimmtán þúsund tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka á laugardaginn. Hrafnkell Hjörleifsson hljóp maraþon í fyrsta sinn á ævinni og var fyrstur Íslendinga í mark. Hann ætlar að leyfa sér pítsu og bjór til að fagna sigrinum.

HLAUP „Ég bjóst aldrei í lífinu við að vinna þetta,“ segir Hrafnkell Hjörleifsson, fyrsti Íslendingurinn í mark í Reykjavíkumaraþoni á laugardag. Hrafnkell hljóp á tveimur tímum, 55 mínútum og sex sekúndum.

Hrafnkell ákvað í janúar að taka þátt í maraþoninu og æfði nokkuð stíft fyrir hlaupið. Á æfingatímabilinu hljóp hann lengst þrjátíu kílómetra. „Allt umfram það var ókannað svæði,“ segir hann.

„Svo kem ég í mark og fæ miða sem segir að ég eigi að koma í verðlaunaafhendingu því samkvæmt bráðabirgðaúrslitum hafi ég unnið til verðlauna. Ég hafði á bakvið eyrað að þessi tími myndi mögulega duga mér í þriðja sætið.“ Kynnir maraþonsins segir þá að verið sé að biða eftir fyrsta Íslendingnum í mark en leiðréttir sig þegar hann sér að Hrafnkell var kominn yfir endalínuna. „Ég hélt þetta væri einhver villa í kerfinu. Svo bara kom í ljós að þetta var ekki villa.“

Hrafnkell segir að markmiðið hafi verið að hlaupa maraþonið á þremur klukkustundum. „Ég er svo sem ekki mikill hlaupari en er ágætur í að pína mig áfram umfram einhver þægindi.“

Hann segist ekki hafa lent á hinum fræga vegg sem maraþonhlauparar tala stundum um að þurfi að yfirstiga eftir ákveðið langt hlaup. „Eftir því sem leið á var þetta bara smávegis erfiðara, hvert skref aðeins þyngra. Það var mótvindur þegar ég var kominn út á nes. Sá kaffi var kannski hvað erfiðastur.“

Hrafnkell segist ekki vera búinn að ákveða hvort hann ætli að halda hlaupunum áfram. „Ég get ekki toppað þetta. Þó ég myndi æfa mig eins og dýr fram að næsta hlaupi þá gæti ég kannski bætt tíma minn en mjög ólíklega verið titillinn. Í aðra röndina



Hrafnkell Hjörleifsson sigurvegari maraþonsins hefur aldrei hlaupið svo langt hlaup áður. Fréttablaðið/Pjetur

Metþátttaka í maraþoni

- Aldrei höfðu fleiri hlaupið heilt maraþon en nú í ár, eða þrjú þúsund manns.
- Samtals 72 milljónir höfðu safnast í áheitasöfnun hlaupara til hinna ymsu góðgerðarfélaga.
- Í ár var jafnframt hlaupið boðhlaup en sigurvegari þess var lið Iðnvéla og FH sem kom í mark eftir tvær klukkustundir, 53 mínútur og 42 sekúndur. Rúmum átta mínútum á undan næsta liði.

finnst mér eins og toppnum sé náð og maður eigi bara að hætta en svo freistar líka að hlaupa hraðar, betur og meira.“

Aðspurður hvort hann hafi fagnað þegar sigurinn var ljós segir hann: „Já, ég át ýmsa hluti sem ég borða ekki venjulega og fékk mér nokkra bjóra. Ég held að það fái ýmislegt að flakka þessa vikuna. Það er megavika að byrja á Domino's á morgun svo ég er mjög spenntur fyrir því“ snaeros@frettabladid.is

Eftir því sem leið á var þetta bara smávegis erfiðara, hvert skref aðeins þyngra. Það var mótvindur þegar ég var kominn út á nes. Sá kaffi var kannski hvað erfiðastur.

Hrafnkell Hjörleifsson, maraþonhlaupari



BORGARLEIKHÚS-
BLAÐIÐ

KEMUR ÚT
Á MORGUN

VEL ÚTBÚINN OG TIL Í ALLT!

5 ÁRA
ÁBYRGÐ



Þrautreyndur og fullbúinn jeppi með fimm ára ábyrgð. Þegar þú hefur kynnst kraftinum, örygginu og reynslunni sem **Mitsubishi Pajero** býr yfir verður ekki aftur snúið.

Mitsubishi Pajero

Dísil, sjálfskiptur á aðeins:

10.290.000 kr.

Staðalbúnaður í Mitsubishi Pajero: 200 hestöfl, stöðugleikastýring, 18" álfelgur, 7 sæta, leðurinnrétting, 7" LCD DVD skjár með bakkmyndavél, 860W Rockford hljómkerfi með 4GB minni fyrir tónlist, Xenon aðalljós, 100% læsing að aftan, tenging við farsíma (Bluetooth), þakbogar, toppúlga, Íslandskort o.fl.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**MITSUBISHI
MOTORS**

FYRIR HUGSANDI FÓLK

Þúsundir fá að ferðast óhindrað í gegn um Makedóníu til Serbíu

MAKEDÓNÍA Þúsundir flóttamanna fóru yfir landamæri Makedóníu og Grikklands um helgina. Flestir þeirra stefna að landamærum Serbíu og munu þaðan ferðast í gegn um Serbíu og Ungverjaland til norðurhluta Evrópu. Flestir þeirra eru einstaklingar og fjölskyldur á flótta undan borgarastyrjöldinni í Sýrlandi og öðrum átökum í Mið-Austurlöndum. Mörg börn og gamalmenni eru með í för.

Talsmenn Serbneskra stjórnvalda telja að um fimm þúsund manns hafi komið til Serbíu í gær og búist er við mikilli aukningu á næstu dögum.

Á fimmtudaginn lokuðu yfirvöld í Makedóníu landamærum sínum fyrir straumi flóttamanna frá Grikklandi. Mikil spennan skapaðist á

landamærunum og til átaka kom á milli óeirðalögreglu og flóttafólks.

Rauði krossinn aðstoðaði þá sem voru fastir á landamærunum með því að veita þeim vatn og aðhlyningu en margir höfðu fallið í yfirlið vegna hita.

Í gær opnuðu stjórnvöld hins vegar landamærin aftur og aðstoðuðu fjölda flóttamanna við að komast norður með lestum og rútum.

Um 42 þúsund flóttamenn hafa farið í gegn um Makedóníu síðan um miðjan júní frá Grikklandi en rúmlega 190 þúsund flóttamenn hafa komið til Grikklands það sem af er ári.

Flóttamenn reyna að leita til Ungverjalands þar sem það er partur af sameiginlegu landamærafirliði Schengen. Ef þeir komast til Ungverjalands er þeim frjálst að ferðast um öll Schengen-ríki.

» 42 þúsund flóttamenn hafa farið í gegn um Makedóníu frá Grikklandi síðan um miðjan júní en rúmlega 190 þúsund flóttamenn hafa komið til Grikklands það sem af er ári.

Ungverjar hafa tekið flóttamannastraumnum illa en ríkisstjórn Viktors Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, hefur hafið framkvæmdir við 175 kílómetra langan vegg á landamærunum til að stöðva straum flóttamanna til landsins. Þá hefur landamæravörðum á landamærum Ungverjalands fjölgað um rúmlega þúsund. – srs



Fjöldi fólks varð að strandaglópum á landamærum Makedóníu og Grikklands þangað til landamærin voru opnuð aftur. NordicPhotos/AFP

Flotbryggjan sögð kannski vera á förum

SVEITARSTJÓRNARMÁL Helstu notendur hafnarinnar á Stað á Reykjanesi beina þeim tilmælum til sveitarstjórnar Reykhólahrepps að bærinn kaupí flotbryggju-búnað sem staðsettur er við höfnina „ásamt því að tryggð verði rekstur þessa búnaðar sem hluta hafnarinnar“.

Bent er á að flotbryggjan sé í eigu einstaklings og hafi verið notuð í tengslum við rekstur ferðaþjónustu sem nú hafi hætt rekstri. „Og hyggst sá sem kostaði flotbryggjuna selja hana á staðnum eða að öðrum kosti fjarlægja hana og koma í verð með öðrum hætti.“

Bent er á að Staðarhöfn sé eina örugga lífshöfnin fyrir smábáta í Reykhólahreppi í öllum veðrum. Mikil umferð sé um höfnina og fari vaxandi. Útilokað sé að bjóða upp á viðunandi þjónustu við höfnina án flotbryggju.

Sveitarstjórnin samþykkti samhljóða fyrir helgi að komið yrði á fundi með breifriturum og farið yfir málið. – óká

Bæjarstarfsmenn saman í samninganefnd

KJARAMÁL Bæjarstarfsmannafélög BSRB hafa gert samkomulag um samstarf við gerð kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga og sameiginlega samninganefnd félaganna.

Fram kemur á vef BSRB að sameiginleg samninganefnd bæjarstarfsmannafélaganna hafi á föstudag setið á fundum hjá ríkissáttasemjara ásamt fulltrúum frá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Fram til þessa hefur aðeins verið fjallað um réttindaákvæði kjarasamninganna og hefur ekkert verið rætt um launaliði.“ – óká

Skellur fyrir óverðtryggð lán

Verðbólga hækkar ekki jafn hratt og spár Seðlabanka Íslands gerðu ráð fyrir. Hagfræðingar telja ekki óeðlilegt að hækka stýrivexti þótt verðbólga sé undir verðbólguþröskulmörkum. Segja ákveðin teikn á lofti.

EFNAHAGSMÁL „Ef þú ert með verðtryggð lán er ólíklegt að þetta hafi nokkur áhrif. Meiningin með vaxtahækkuninni er að halda aftur af verðbólgunni,“ segir Katrín Ólafsdóttir, hagfræðingur sem situr í Penningastefnunefnd Seðlabanka Íslands. Í síðustu viku ákvað bankinn að hækka stýrivexti sína um 0,5 prósent. Hækkun sem hljómar lítil en getur haft í för með sér töluverð útgjöld fyrir fólk með húsnæðislán.

Mesti skellurinn er fyrir fólk sem er með óverðtryggð lán, bundin í þrjú til fimm ár, sem eru að verða óbundin um þessar mundir. Þau lán munu væntanlega taka á sig allar þær stýrivaxtabreytingar sem orðið hafa síðan lánið var tekið. Fólk með óbundin óverðtryggð lán má eiga von á 0,5 prósentu hækkun á lán sitt sem leggst jafnt á allt árið.

Með hækkuninni vill Seðlabankinn stemma stigu við verðbólgu sem gæti myndast við breytta kjarasamninga. „Við erum með háa stýrivexti hér núna því vöxtur hagkerfisins er töluvert mikill. Á meðan við erum með okkar eigin gjaldmiðil, þá verðum við með hærri vexti en aðrir,“ segir Katrín.

Verðbólga í júlí var 1,9 prósent en Seðlabankinn spáir því að hún risi hratt upp í um fjögur prósent. „Við vorum með mikinn slaka hér eftir hrun en nú er sá slaki bara farinn. Við erum að fara yfir í þensluástand og erum eiginlega komin þangað. Hagstjórn er eins og foreldrahlutverkið. Þegar partið fer í gang þá er hlutverk hagstjórnar að halda aftur af því. Og þegar fjörið dettur niður í barnaafmælinu þá koma

foreldrarnir inn og reyna að koma fútti í liðið.“

Katrín segir hina svokölluðu skuldaleiðréttingu húsnæðislána ekki vera horfna alveg með hækkun stýrivaxta. „Nei en það er alveg ljóst að þegar þessi svokallaða leiðrétting kom þýddi það að nú væru meiri tekjur inni á heimilunum. Það þýðir að þetta fer að einhverju leyti út í neysluna og þenslan verður meiri. Það eykur líkurnar á vaxtahækkun.“


Verðbólgan nú er samt undir verðbólguþröskulmörkum. „Maður skilur að það sé erfitt að skilja að á meðan verðbólgan er undir þröskulmörkum verði samt að hækka vextina. Þetta er svolítið öfugsnúið en það liggur í því að það er búið að gera þessa kjarasamninga,“ segir Katrín.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir Seðlabankann víðurkenna að verðbólgan sé ekki að bregðast jafn hratt við og búist hafði verið við. „Það eru ýmsir hlutir sem spila þar inn í, meðal annars hækkun á gengi krónunnar sem leiðir til þess að innfluttur hlutir eru ódýrari og svo vegur lækkun á oliuverði líka á móti.“

Hann segir hækkun Seðlabankans samt ekki óeðlilega. „Miðað við þessar miklu kauphækkunar hefði ég sjálfur ekki talið óeðlilegt að hækka vexti. Hins vegar er verðhjöðnun í heiminum almennt séð og hrávörur að lækka. En á Íslandi hefur það alltaf verið þannig að þegar atvinnuleysi er orðið lagt þá byrjar þrýstingur á verðlagið. Þá byrjar verðbólga. Svona hefur þetta alltaf verið.“

snaeros@frettabladid.is

Próun stýrivaxta á Íslandi og á evrusvæðinu



Svona hækkar lánið þitt við 0,5% stýrivaxtahækkun



Hagstjórn er eins og foreldrahlutverkið. Þegar partið fer í gang þá er hlutverk hagstjórnar að halda aftur af því. Og þegar fjörið dettur niður í barnaafmælinu þá koma foreldrarnir inn og reyna að koma fútti í liðið.

Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði



THE MINDFUL LEADERSHIP REVOLUTION

HARPA 26. ÁGÚST
frá kl 13:00 til 16:00

VERTU MEÐ



Dr. Shauna Shapiro



Ásdís Olsen



Dr. Bjarni S. Jónsson



Dr. Þórunn V. Friðgeirsson

„Ef þú hefur ekki stjórn á huganum, hefur hugurinn stjórn á þér“

NÁMSSTEFNA
Í HÖRPU 26. ÁGÚST

Nýjustu straumar í stórnendafræðum snúast um Mindfulness.

Fjöldmarg framsæknustu fyrirtæki heims tileinka sér Mindfulness í sinni starfsemi eins og Apple, Google og Cysco.

Griptu tækifærið og tryggðu þér miða

MINDFULNESS
MIÐSTÖÐIN

DecideAct™

ALLT

fyrir skólann á betra verði



Stílabók
A5/A4
129kr

Reiknings-
bók A5/A4
129kr



Verkefna-
og
úrklippubók
189kr

Milliblöð
númeruð A-4
10 í pakka
88kr

Bréfabindi
329kr



Plast-
mappa
29kr



Límstifti
29kr



Glósubók
98kr



Blýantar
99kr



Strokleður
verð frá
8kr



Reglustika
89kr



Gráðubogi
89kr

Yddari með
margföldunar-
töflu
98kr



Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.

Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ábendingar hafa engu skilað

LÖGREGLUMÁL Enn hafa ekki verið borin kennsl á lík unga mannsins sem fannst rétt fyrir utan Höfn á Hornafirði á þriðjudag. Engin þeirra ábendinga sem lögregla hefur fengið varðandi líkfundinn hefur skilað neinu.

Göngufólk í Laxárdal á Nesjum fann manninn í urð eða litlu gili um tuttugu mínútna gang frá nærliggjandi vegi. Maðurinn var ungur og klæddur í svarta strigaskó, dökkbláar ípróttabuxur og hettupeysu. Hann var með ljóst axlasítt hár.

„Við vitum ekkert. Þetta gæti verið rammíslenskur einbúi sem skiptir sér ekki af neinum og hefur ekki samband við nokkurn mann. En við vitum ekkert hvort þetta er útlendingur eða Íslendingur,“ segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi. Í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi sagði hann að það að bera kennsl á manninn væri algjört lykilatriði í rannsókninni. Fyrr væri ekki hægt að fá úr því skorið hvernig dauða hans bar að. – snæ



Forstöðumaður tjaldsvæðanna á Akureyri telur kalt sumar eiga sinn þátt í fækkun gesta. Fréttablaðið/Daniel

Gífurlegt tekjutap hjá tjaldsvæðunum á Akureyri

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tekjutap sem hleypur á milljónum króna blasir við tjaldsvæðunum á Akureyri eftir dræma aðsókn í sumar. Þetta kemur fram í Vikudegi.

Tryggvi Marinósson, forstöðumaður tjaldsvæðanna, segir algjört hrun í komu gesta. Til að mynda hafi gistinætur í júlí verið um 12 þúsund í sumar en 30 þúsund í fyrra. Hann segir þó að mest muni um íslensku tjaldgestina sem leitað hafi í betra veður annars staðar á landinu eftir kalt sumar á Norðurlandi. – glp

Í Kolaportinu í Reykjavík er líf og fjör um hverja helgi



Ekki var að sjá á gestum Kolaportsins þegar ljósmyndara bar þar að garði klukkan ellefu í gærmorgun að kvöldið og nóttina áður hafi borgin verið undirlögð af skemmtanahaldi Menningarnætur. Þar er alltaf fullt af fólki að stunda sín viðskipti. Fréttablaðið/Pjetur

Viðskiptahættir DV bannaðir

VIÐSKIPTI Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest bann Neytendastofu við birtingu DV ehf. á fullyrðingunum „fritt“ og „í kaupbæti“ í auglýsingum dagblaðsins á áskriftarleið með iPad-spjaldtölvu.

Á vef Neytendastofu kemur fram að stofnunin telji að kostnaður vegna iPad-spjaldtölvunnar í áskriftarleið DV sé innifalinn í verði áskriftar og tölvan því hvorki frí né í kaupbæti.

Neytendastofa bannaði DV að halda áfram að auglýsa með þessum hætti og lagði á 300 þúsund króna stjórnvaldssekt.

Áfrýjunarnefndin felldi hins vegar niður stjórnvaldssektina. – glp

Taka undir áskorun um gjaldfrjálsan skóla

Heimili og skóli – landssamtök foreldra taka í öllu undir áskorun Barnaheilla um að grunnskólabörn fái skólagöngu sína gjaldfrjálsa eins og lög og alþjóðasamþykktir gera ráð fyrir. Foreldrar kaupa skólagögn fyrir töluverðar upphæðir.

MENNTAMÁL Heimili og skóli – landssamtök foreldra taka undir áskorun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um gjaldfrjálsan grunnskóla á Íslandi. Fjölskyldur með börn á grunnskólaaldri greiða töluverðar upphæðir vegna kaupa á námsgögnum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag sendu samtökin Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér áskorun til sveitarfélaga og ráðamanna og leggja til að 31. grein grunnskólalaga verði breytt í því augnamiði að tekið verði fyrir alla gjaldtöku og þannig verði grunnskólinn í raun gjaldfrjáls eins og kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að samtökin taki undir áskorunina og fagni frumkvæði Barnaheilla, því líkt og segi í áskoruninni eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest. Þar er jafnframt kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags. Lengi hefur tíðkast að foreldrar fá senda innkaupalista frá skólunum um kaup á námsgögnum, sem samtökin bæði telja ganga þvert á lög og alþjóðasamþykktir.

Hrefna nefnir að talsverður kostnaður geti leynst í þessum innkaupalistum. „Ef skoðaðir eru t.a.m. innkaupalistar á netsíðum þá getur kostnaður þar verið á bilinu 2.500-7.500 kr. fyrir barn í 1. bekk. Þá er skólataska ekki meðtalin. Þegar fleiri en eitt barn eru í fjölskyldunni eykst kostnaðurinn. Þá má einnig velja fyrir sér kostnaði við skólamáltíðir og frístundaheimili sem eru líka rekin af sveitarfélögnum.“



Alengt er að foreldrar kaupi skólagögn fyrir um 7.000 krónur fyrir hvert barn – en skólataska og fleira er þá ótalið. Fréttablaðið/Vilhelm

Við tökum undir þann skilning Barnaheilla að öll gögn sem nemandi þarf að nota til skólagöngu sinnar séu í raun hluti af námsgögnum en ekki svokölluð persónuleg gögn. Því ætti skólinn með réttu að útvega þau gögn sem nemandi þarf til að stunda nám sitt.

Hrefna Sigurjónsdóttir



Í lögum um grunnskóla frá 2008 (nr. 91, 31. gr) kemur fram að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja þá eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þó kemur fram í lögnum að opinberum aðilum sé ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír, án þess að í raun sé skilgreint hvað persónuleg not þýðir.

„Við tökum undir þann skilning Barnaheilla að öll gögn sem nemandi þarf að nota til skólagöngu sinnar séu í raun hluti af námsgögnum en ekki svokölluð persónuleg gögn. Því ætti skólinn með réttu að útvega þau gögn sem nemandi þarf til að stunda nám sitt,“ segir Hrefna. svavar@frettabladid.is

GRJÓNAGRAUTUR
alveg mítulegur



Nú einnig í litlum umbúðum – fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU

LÁNSHÆFT NÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARESMANNI



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN – frá byrjendum til sérfræðinga

- L Krefjandi tveggja anna nám sem nær meðal annars yfir tölvuviðgerðir A+, uppbyggingu og uppsetningu tölvukerfa, Network+, CCNA, MCSA og Exchange. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **Júní 2016**
Lengd: **520 std.** • Dag- og kvöldhópar • Verð án prófa: **899.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **1.099.000 kr.**

NETSTJÓRNUN – CCNA

- L Lögð er áhersla á uppsetningu, rekstur og hönnun netkerfa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með Cisco netbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi þekkingu á netkerfum. Námi lýkur með lokaverkefni og CCNA-prófi frá Cisco.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **20. jan. 2016** • Lengd: **250 std.**
Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**

KERFISSTJÓRNUN: MCSA + O365

- L Nám fyrir fólk sem stefnir á starf kerfisstjóra í Windows netþjónaumhverfi. Megináherslan er á Windows Server 2012 R2 stýrikerfið og hvernig þjónusta innan þess er notuð til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til nútímatölvukerfa. Að auki er farið í hvernig fyrirtæki geta nýtt sér skýjaþjónustu Microsoft í Office 365.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **20. jan. 2016** • Lengd: **250 std.**
Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF FYRIR TÆKNINÁM Í DAG KL. 17:30

L LÁNSHÆFT NÁM

NÝTT

Sérstakur samstarfssamningur Promennt og Framtíðarinnar námslána-sjóðs gerir nemendum Promennt á völdum námsbrautum nú mögulegt að sækja um námslán (skólagjöld) og framfærslulán.

L FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu.

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- L Markmiðið er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nemendur læra einnig námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum.

Námið skiptist í fjóra hluta: • Bókhald – grunnur
• Bókaranám fyrir lengra komna • Skattskil
einstaklinga með rekstur • Viðurkenndur bókari.

Kynningarfundur
Þriðjud. 1. sept kl. 17.30

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ).

Hefst: **7. okt.** • Lýkur: **15. des.** • Lengd: **413 std.** • Morgun- og kvöldhópar
Verð: **529.000 kr.**

PROMENNT

Nágrannavörslu hefur verið komið upp við tólf götur

SVEITARSTJÓRNARMÁL Nágrannavörslu hefur verið komið upp við Birkidal í Reykjanesbæ og er því nágrannavörsla nú við tólf götur í bænum. Þar með hafa íbúarnir bundist samtökum um að gæta eigna hver annars og fylgjast með hibýlum þegar nágrannar eru að heiman. Þetta kemur fram á vef Vísirfréttanna.

Reykjanesbær tók formlega upp nágrannavörslu árið 2008 en verkefnið er samstarfsverkefni umhverfissviðs Reykjanesbæjar og forvarnaeildar lögreglunnar á Suðurnesjum.

Sigmundur Eypórsson, starfsmaður umhverfissviðs, afhenti íbúum við Birkidal upplýsingar um nágrannavörslu og limmiða til að setja á rúður og hurðir. Þá var merki verkefnisins einnig komið fyrir á staurum við götuna. – glp



Varðskipið Týr hefur bjargað þúsundum flóttamanna, þar af fjölda barna, í verkefnum sínum hingað til fyrir Frontex. Fréttablaðið/Vilhelm

Týr sinnir verkefnum við strendur Spánar

LANDHELGISGÆSLAN Varðskipið Týr er nú á siglingu til Spánar þar sem skipið mun starfa við leit, björgun og eftirlit fyrir Frontex, landamæraföngun Evrópusambandsins. Á vef Landhelgisgæslunnar kemur fram að í fyrstu muni skipið sinna verkefnum milli Spánar, Marokkós og Alsirs en í nóvember muni það halda til Ítalíu og starfa þar undan ströndum Ítalíu og Sikileyjar út árið.

Áhöfnin á Tý hefur að undanförunu haft í nógu að snúast við þjálfun og annan undirbúning fyrir brottför. Einn lögreglumáður er nú í áhöfn en fyrr á þessu ári var í fyrsta skipti lögreglumáður í áhöfn Týs er skipið var við strendur Ítalíu og reyndist það fyrirkomulag vel. Lögreglumenn búa yfir annars konar þekkingu og reynslu sem getur nýst á margan hátt við verkefni sem þessi.

Áhöfnin á Tý hefur bjargað þúsundum flóttamanna, þar af fjölda barna, í verkefnum sínum hingað til fyrir Frontex. – glp



Suðurkóreskir hermenn eru viðbúinir stríði. Yfirvöld í Suður-Kóreu hafa heitið því að svara öllum árásum af fullum krafti. Fréttablaðið/AFP

Kóreuskagi á barmi stríðsátaka

Norður- og Suður Kórea hafa skipst á stórskotaliðsskotum yfir helgina. Friðarviðræður hófust á laugardaginn og virðast engan endi ætla að taka en ríkin saka hvort annað um að bera ábyrgð á ástandinu.

SUÐUR-KÓREA Um fimmtán þúsund íbúar Suður-Kóreu hafa verið fluttir frá heimilum sínum við landamæri Norður-Kóreu vegna árása stórskotaliðs Norður-Kóreuheris yfir landamærin. Margir íbúanna dvelja í loftvarnarbyrgjum.

Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, fyrirskipaði hernum að koma sér í viðbragðsstöðu á föstudaginn eftir stríðs kæmi. Kim Hyun Joon, sendiherra Norður-Kóreu í Rússlandi, sagði í samtali við Russia Today að Suður-Kórea og Bandaríkin bæru ábyrgð á eldfimu ástandi á skaganum. „Kóreuskagi er á barmi stríðs vegna óendanlegra pólitískra og hernaðarlegra ógrana,“ sagði hann, en Bandaríkin og Suður-Kórea eru með heræfingar í gangi til 28. ágúst.

Norður- og Suður-Kóreumenn ásaka hvorir aðra um að hafa hafið

stórskotaárásir síðastliðinn föstudag. Tæknilega séð eru ríkin tvö í stríði eftir Kóreustríðið 1950 til 1953. Eftir að þeim stríðsátökum lauk var samið um vopnahlé en ekki stríðslok.

Norður-Kóreumenn eru Suður-Kóreumönnum reiðir vegna hátalarakerfis sem varpar áróðursskilaboðum yfir landamærin til norðurs. Friðarviðræður milli ríkjanna hófust á laugardaginn en krafa Norður-Kóreu eru að áróðurskerfið verði tekið niður. Viðræðurnar virðast engan endi ætla að taka.

Áróðurinn er hluti af sálfræðihernaði gegn Norður-Kóreu en í hátölurum eru spilaðar fréttir af umheiminum sem hermenn og íbúar á landamærunum heyrja.

Sérfræðingar innan suðurkóreska hersins telja að ef friðarviðræður gangi ekki upp muni Norður-Kórea



Kóreuskagi er á barmi stríðs vegna óendanlegra pólitískra og hernaðarlegra ógrana.

Kim Hyun Joon, sendiherra Norður-Kóreu í Rússlandi.

beina árásum sínum á hátalarakerfin sjálf. Suður-Kórea hefur heitið því að svara árásum af fullum krafti.

Norður-Kóreumenn hafa tvöfaldað stórskotahríð sína yfir landamærin og gangsett kafbátaflota sinn í Gula-hafi. Fimmtíu kafbátar lögðu af stað úr höfn um helgina.

Þá hafa Suður-Kóreumenn sakað nágranna sína í norðri um að hafa lagt jarðsprengjur við landamærin en talsmenn norðurkóreska hersins hafna þeim ásökunum.

Suðurkóreskar og bandarískar orrustuþotur sinna eftirliti með landamærunum við Norður-Kóreu. Bandaríkjaher er með 28 þúsund hermenn staðsetta í Suður-Kóreu en Bandaríkin sjá um eftirlit með því að friður haldist á skaganum fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna.

stefanrafn@frettabladid.is

Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?


Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



150g
50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvætílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi þrið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meislí í stökri skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 17 sólarhringa. Frábendingar: Öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylísalísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakiáða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylísalísýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mið við sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunar svæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/öfnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

SKÓLA BOKA DÆMI



Blyantur með
strokeðri 1 stk
29 kr



A4
Reikningsbók | Stílabók
199 kr
áður 389 kr.

A5
Reikningsbók | Stílabók
199 kr
áður 289 kr.



Plastmappa
með glæri forsíðu
59 kr
áður 98 kr.



Tvöfaldur yddari
39 kr
áður 69 kr.



Strokeður
9 kr
áður 29 kr.



A4
Netapoki með rennilás
299 kr

A5
Netapoki með rennilás
279 kr

A4
Netapoki með rennilás
199 kr

40% VILDAR AFSLÁTTUR! AF ÖLLUM PENNAVESKJUM



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON

SKÓLAINNKAUPIN
MEÐ EINUM **SMELLI**
eymundsson.is/skoli



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda frá 24. ágúst, til og með 25. ágúst. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Gefa þarf bráðnun jökla meiri gaum

Vísindamenn þurfa að taka meira tillit til bráðunar jökla við rannsóknir sínar á eldstöðvum undir jökli. Ekki er útilokað að dregin hafi verið upp skökk mynd af þróun Kötlueldstöðvarinnar og hættu á eldgosum síðustu árin. Breytir þó engu um það að Katla getur gosið hvenær sem er.

VEÐURFAR Hlýnun jarðar og bráðnun jökla henni samfara krefst þess að taka þarf með í reikninginn fleiri breytur við túlkun gagna við vöktun eldstöðva undir jökli en tíðkast hefur. Endurtúlkun á landmælingagögnum við Kötlueldstöðina bendir til þess að sá órói sem mælst hefur við Kötlu síðastliðin 15 ár eigi að hluta til rætur í bráðnun jökulhettunnar og gögnin gætu því hafa verið oftúlkuð hvað varðar kvikuinnstreymi og hættu á eldsumbrotum. Niðurstaða rannsóknarinnar dregur þó í engu úr þeirri staðreynd að Katla er fyrir löngu komin á tíma og gæti gosið hvenær sem er.

Ný rannsókn teymis vísindamanna frá háskólanum í Leeds í Englandi, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands var birt í Scientific Reports, sem er tímarit sem er gefið út af Nature Publishing Group (sem gefur líka út Nature og Nature Geoscience). Í rannsókninni voru gögn greind að nýju sem voru áður túlkuð sem skýr merki um þenslu vegna kvikuinnstreymis í eldstöðina. Frekar hallast hópurinn að því að gögnin sýni ris í jarðskorpunni vegna þess að jökullinn hafi hropað og risið vegna þess að fargið á eldstöðinni er einfaldlega minna.

Benedikt G. Ófeigsson, sérfræðingur á sviði jarðskorpuhreyfinga hjá Veðurstofu Íslands, og einn rannsakenda, segir að engu að síður hafi vissulega verið mikið að gerast í Kötlueldstöðinni á tímabilinu – t.d.

Það er þekkt að í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 10.000 árum var mjög aukin eldvirkni í kjölfar bráðunar jökla. Hins vegar eru breytingar dagsins í dag hvergi nærri eins stórvirkar.

Benedikt G. Ófeigsson, sérfræðingur á sviði jarðskorpuhreyfinga hjá Veðurstofu Íslands

frá 1999 til 2004. Rannsóknin tók heldur ekki til tímabilsins eftir 2011 en í júlí það ár hófst hlaup í Múlakvísl sem rennur undan Mýrdalsjökli og var talið merki um aukinn jarðhita undir jöklinum. Nú eru taldar allar líkur á því að lítið eldgos hafi orðið í suðausturhorni Kötluöskjunnar.

„Ég held að ekki megi draga of miklar ályktanir út frá þessum niðurstöðum hvað varðar stöðu eldstöðvarinnar á þessum tímamarki. Katla getur gosið hvenær sem er – og á haustin er hún sérstaklega virk eftir að leysingar hafa náð hámarki – í ágúst og september. Það er ekki hægt að túlka þetta svo að minni hættu sé á gosi,“ segir Benedikt en jánkur því að taka þurfi enn meira tillit til



Hlaup í Múlakvísl í júlí 2011 var fyrst talið benda til aukinnar jarðhitavirkni en nú hallast vísindamenn að því að um lítið eldgos hafi verið um að ræða – sem náði ekki uppúr 700 metra þykkum jöklinum. Fréttablaðið/HAG

Hefur gosið 20 sinnum á sögulegum tíma

Katla er eldfjall undir Mýrdalsjökli, sem hefur gosið 1-2 sinnum á öld en eldgos í Kötlu eru gjóskugos með tilheyrandi gjóskufalli og þeim fylgja jafnframt jökulhlaup.

Kötlugos frá landnámi eru um það bil 20 talsins. Síðasta Kötlugos var árið 1918. **Eldgos** hefst með ákafri jarðskjálftahrinu. Í kjölfar eldsumbrota þegar kvikan hefur brætt jökulís, líða um 1-2 klukkustundir þar til jökulhlaup brýst undan jökli og getur náð til byggða innan fárra klukkustunda.

Jökulhlaup er sambland af vatni, gjósku, grjóti og ís og er talið að rennsli stærstu hlaupa frá Kötlu hafi orðið 300.000 rúmmetrar á sekúndu, en til samanburðar var rennsli jökulhlaupsins sem fór um Skeiðarársand árið 1996 um 45.000 rúmmetrar á sekúndu.


Vatnasvæði Kötlu eru þrjú og geta jökulhlaupin komið niður Mýrdalssand, Sólheimasand eða Emstrur og Markarfljótsaura allt eftir staðsetningu eldgoss. **Á sögulegum tíma** hafa öll jökulhlaup runnið niður Mýrdalssand og í tveimur tilfellum einnig niður Sólheimasand.

bráðunar jökla í rannsóknum og vöktun eldstöðva eins og Kötlu.

„Það er mikilvægt að taka inn í myndina slík ferli sem hafa gríðarlega mikil áhrif um allt land. Það er þekkt að í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 10.000 árum var mjög aukin eldvirkni í kjölfar bráðunar jökla. Hins vegar eru breytingar dagsins í dag hvergi nærri eins stórvirkar,“ segir Benedikt.

Sigrún Hreinsdóttir jarðeðlisfræðingur, sem vann að rannsókninni ásamt Benedikt, segir að enginn deili um að skjálftavirkni í Kötlu hafi verið mikil á tímabilinu, en það sé ekki hægt að sýna fram á mikla kviku-söfnun á tímabilinu 2000 til 2011 út frá þeim gögnum sem liggja fyrir.

„Það er frekar að við séum að sjá



Myndband náðist af því þegar blysið lenti í mannþróng á Menningarnótt. Mynd/Bjarni Þór Sigurðsson

Blysi lenti innan um fólk

SLYS „Ég var þarna ekki langt frá og sá þegar þessu var skotið upp,“ segir Tómas Gíslason, sveitarforingi Hjálparveitar skáta, um flugeldasýninguna sem haldin var undir lok Menningarnætur á laugardagskvöld. Þegar sýningin stóð sem hæst sveif neyðarblysi, eða sól, logandi inn í hóp áhorfenda við Arnarhól. Ekki er vitað til að nokkur hafi meiddst.

„Sólir eru þannig að þær svífa varlega til jarðar og eiga að vera útbrunnar áður en þær koma niður,“ segir Tómas, en hann hafi tekið eftir því að neyðarblysunum hafi verið skotið aðeins of mikið á ská. Ætlunin hafi verið að skjóta neyðarblysunum yfir áhorfendahópinn. – **bo**

Tvö slys á flugsýningum um helgina

SLYS Tvö flugslys urðu á flugsýningum í Bretlandi og Sviss um helgina.

Tvær þýskar C-42b smáflugvélar skulu saman á flugsýningu í þorpi nærri Basel í gær. Einn flugmaður lést þegar vél hans hrapaði á hlöðu í þorpinu Dittingen. Flugmaður hinnar vélarinnar stókk út í fallhlíf. Brak úr vélunum sáldraðist yfir þorpið.

Lögregla í Sviss rannsakar málið en grunur leikur á að öryggisbúnaður í annarri vélinni hafi ekki virkað sem skyldi sem olli því að flugmaðurinn gat ekki bjargað sér.

Á laugardaginn hrapaði herþota á flugsýningu í Shoreham í Bretlandi. Ellefu manns létust í slysinu.

Gerð var tilraun til að fljúga þotunni, sem er af gerðinni Hawker Hunter, í bakfallslykkju en flugmaðurinn náði ekki að loka hringnum heldur skall vélin niður á hraðbraut nærri sýningarsvæðinu. Allmargir bílar voru á veginum og mikill eldur blossaði upp.

Flugmaðurinn var fluttur á spítala illa haldinn. Hinir látnu voru vegfarendur í umferðinni.

Upphaflega gerði lögregla ráð fyrir minna manntjóni en raun bar vitni. Enn er verið að kemma slystaðinn sem þykir hættulegur þar sem flugvélaeldsneyti er á víð og dreif um svæðið. Hraðbrautin verður lokað í nokkra daga meðan á rannsókn slyssins á sér stað. – **srs**



Tvær flugvélag hröpuðu í Dittingen í gær. NordicPhotos/AFP

» Ellefu eru taldir hafa látist þegar herþota hrapaði á flugsýningu í Bretlandi um helgina.

Hefur ekki keypt sér nýja flík í tíu mánuði

SAMFÉLAG „Vinkona mín sagði mér frá því í október í fyrra að hún væri hætt að kaupa sér fót. Þá hugsaði ég að mig langaði til að prófa það í einn mánuð. Nú eru komnir tíu mánuðir,“ segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, formaður Rauða krossins í Reykjavík og framkvæmdastjóri ellefu millilandaðskiptaráða.

Hún hefur ekki keypt sér eina flík frá 1. nóvember í fyrra og er í svokölluðu fatabindindi. „Ég ákvað svo eftir þennan mánuð að ég ætlaði ekki að kaupa neina flík í ár og þetta hefur gengið svakalega vel.“



Oft er handgangur í öskjunni í fataverslunum og þá sér í lagi þegar í hönd fer útsólutími. Fréttablaðið/Anton

Kristínu langaði að breyta kauphegðun sinni. „Það fylgir starfinu sem ég er í að fara reglulega til útlanda og þá datt oft ýmislegt í pokann.“ Aðrar ástæður fyrir ákvörðun Kristínar eru að vera góð fyrirmynd fyrir börn sín.

Að sögn Kristínar hefur ákvörðunin haft góð áhrif. „Ég hélt að þetta yrði mjög erfitt en svo kom annað á daginn, þetta er ótrúlega létt.“

Í nóvember nær Kristín markmiði sínu. „Ég er búin að ákveða að 1. nóvember ætla ég að fara aðra ferð í Rauða krossinn með öll þau fót sem ég hef ekki notað á þessu ári.“ – ngy

Ég áttaði mig á hvað ég átti mikið af dóti á heimilinu.

Kristín Hjálmtýsdóttir, formaður Rauða krossins í Reykjavík



áhrif jökulfargsbreytinga. Það getur vel verið að Katla sé hægt og rólega að safna kviku í kvikuhólf, líkt og Hekla gerir, en það merki er þá svo lítið að við sjáum það illa eða ekki vegna fyrrnefndra jökulfargsbreytinga. Og þegar gögnin eru skoðuð þá er tímabilið 2000 til 2005 ekkert öðruvísi en næstu fimm ár á eftir þegar skjálftavirknin á svæðinu var mun minni.“

Það skal tekið fram í samhengi að frá því að hlaupið í Múlakvísl ruddist fram í byrjun júlí 2011 hefur Kötlueldstöðin lítið látið á sér kræla. Eldstöðin gaus síðast árið 1918 og er sögulega búin að tvöfalda þann tíma sem líður á milli eldgosa.

svavar@frettabladid.is

Varhugavert að dæma byrjendalæsi ómögulegt

MENNTAMÁL „Það sem við þurfum að gera er að fara vandlega yfir þetta allt saman,“ segir Líf Magneudóttir, varaformaður frístunda- og skólaráðs Reykjavíkur.

Hún segist almennt halda að fjölbreyttar aðferðir henti í skólakerfinu. Síðastliðinn miðvikudag birti Fréttablaðið tölur frá Menntamálastofnun sem sýna að nemendum í þeim grunnskólum sem hafa tekið upp kennsluáferðina byrjendalæsi í lestrarkennslu beinlínis hrakar í lestri, stærðfræði og lesskilningi. Samræmdu prófin í fjórða bekk eru notuð til viðmiðunar.

„Það eru mörg matstæki sem við getum notað í skólakerfinu. Samræmdu prófin eru bara eitt af þeim.“ – ósk

Ég held að það sé varhugavert að taka eina aðferð, eins og byrjendalæsi, og dæma hana ómögulega í einni hendingu.

Líf Magneudóttir, varaformaður frístunda- og skólaráðs Reykjavíkur



Yfirburðir: Zeolith®-þurrkun skýtur Siemens enn og aftur í fyrsta sæti!

www.sminor.is

Í nýjstu úttektum sænska neytendablaðsins **Råd & Rön** (apríl 2015) og danska neytendablaðsins **Tænk** (apríl 2015) á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum hlaut Siemens uppþvottavélin SN 45M209SK hæstu einkunn. Með næsthæstu einkunn í úttekt Tænk er Siemens uppþvottavélin SN478S01TS. Þetta staðfestir yfirburði Siemens uppþvottavéla. Vélarar fá toppeinkunn, eins og fyrri sigurvegarar Siemens, fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri **Zeolith®-þurrkun**, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtau.

Zeolith®-þurrkun byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólít soga í sig raka og gefa frá sér hita.

Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN April 2015



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Sjá nánar um úttektir neytendablaðanna á heimasíðu okkar.

SKOÐUN

Jeppar í ám eru saga til næsta bæjar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Á Listasafni Íslands stendur nú yfir forvitnileg og reyndar bráðskemmtileg myndlistarsýning undir titlinum SAGA – ÞEGAR MYNDIRNAR TALA. Í stuttu máli eiga verkin á sýningunni það sameiginlegt að bera í sér ákveðið frásagnareðli og vera þannig með einum eða öðrum hætti lýsandi fyrir mikilvægi sagnalistarinnar í íslenskrri menningu sem er jafnframt mikilvægasta framlag þjóðarinnar til heimsmenningarinnar. Blessaðar bókmenntirnar eru s.s. öðru fremur okkar framlag og þessi ágæta myndlistarsýning hefur þau sannindi sögueyjunnar í hávegum.

Þetta er skemmtileg nálgun og forvitnileg í ýmsu samhengi og má þar t.d. nefna þá stöðu sem virðist nú ríkja í lestrarmálum barna og unglinga á Íslandi og virðist vera fjarri því til fyrirmyndar. Sagnaþjóðin virðist vera í hinum mestu vandræðum með að sjá til þess að yngri kynslóðir geti lesið sér til gagns. Það er kaldhæðid og dapurlegt í senn. Menntamálaráðherra, embættismenn og sérfræðingar takast á um hvernig best sé að bæta stöðuna og jafnvel um hverjum sé um að kenna sem er vart til mikils gagns og enn minna gamans.

Eitt af verkunum á sýningunni SAGA er verk eftir Ólaf Eliasson, merkilegan dansk-íslenskan myndlistarmann sem býr kannski að hinu glögga auga gestsins þar sem hann var ekki alinn upp hérlandis. Verkið heitir Jeppar í ám og sýnir safn ljósmynda af jeppum og öðrum farartækjum sem ekið er yfir íslenskar ár með misgóðum árangri. Sumir stefna augljóslega í ógöngur, aðrir eru þegar komnir í ógöngur og biða hjálpar á bílþakinu en svo tekst sumum að göslast alla leið.

Það er efallt margt sem lesa má úr þessu verki Ólafs en eitt af því sem hreinlega hrópar á mann þegar horft er á myndirnar er hversu óendanlega íslensk þessi hegðun er. Þessi göslaraskapur, þetta kapp og óvarfærni. Árangur áfram – ekkert stopp eins og Framsóknarflokkurinn boðaði héra um árið korteri fyrir efnahagshrun.

Það er erfitt að verjast þeirri hugsun að við sem þjóð höfum einmitt í svo ótalmörgum málum komið okkur í ógöngur með þessari hegðun. Með því að fara fram með meira kappi en forsjá. Og nú þegar við virðumst til að mynda komin með lestrarmál unga fólksins út í miðja á og sitjum svo og rifumst á þakinu á jeppanum þá er kannski kominn tími til þess að endurhugsa málin. Leita til reyndra kennara sem hafa í áratugi náð frábærum árangri í starfi. Skoða hvað má betur fara innan skólanna sem og heimilanna því foreldrar bera líka að sjálfsgöðu ábyrgð á því að börnin lesi og njóti þess að lesa.

En það eitt er vist að núverandi staða er ekki viðunandi en vonandi mun öllum sem að þessu máli koma auðnast að hefja lestur til vegs og virðingar. Það yrði nú saga til næsta bæjar.

Sumir stefna augljóslega í ógöngur, aðrir eru þegar komnir í ógöngur og biða hjálpar á bílþakinu en svo tekst sumum að göslast alla leið.

Halldór



Frá degi til dags

Hattamátun stjórnmalamanna Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Guðmundur Steingrímsson og Róbert Marshall hygðust segja sig frá embættum formanns og þingflokksformanns til að gefa öðrum kost á að spreyta sig. Í slíku tómarúmi hefst hin hefðbundna hattamátun stjórnmalamanna en Heiða Kristín Helgadóttir og Brynhildur Pétursdóttir hafa oftast verið nefndar sem hugsanlegir formenn.

Formaður utan þings?
Guðmundur og Róbert hafa stimplað sig út úr hattamátuninni. Eftir eru fjórir þingmenn sem koma til greina í embætti formanns en þess ber að geta að Heiða Kristín er ekki þingmaður heldur situr hún sem varþingmaður Bjartar Ólafsdóttur á meðan Björt er í fæðingarorlofi. Tvö ár eru til þingkosninga og erfitt væri að hafa formann utan þings í svo langan tíma.

Hvað með Óttar?
Miðað við framangreinda staðreynd virðist Brynhildur því líklegri til að geta orðið formaður Bjartar Framtíðar. Þó hefur einn þingmaður haldið sig í skugganum í umræðunni um forystu flokksins. Óttarr Proppé kæmi hugsanlega til greina sem formaður en með tilkomu hans í embætti formanns mætti græða þau sár sem hafa myndast á milli þeirra sem tilheyrðu Besta flokknum og annarra flokksmanna. Í Fréttablaðinu í dag segist hann ekki útiloka formannsframboð. stefanraf@frettabladid.is

Útúrslúningar Landsvirkjunar um verð



Þorsteinn Þorsteinnsson
rekstrarhagfræðingur og markaðsráðgjafi

Magnús Þór Gylfason, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, svarar nýlega grein minni, „Pyrrhosarsigrar í orkusamningum“. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að réttum staðreyndum um orkuverð sé haldið til haga.

Það flokkast hins vegar undir útúrslúning hjá Magnúsi að taka einungis hálfá setningu út úr grein minni og gera hana að aðalatriði. Setningarhlutinn sem Magnús velur að gagnrýna er þessi:

„Þannig hefur Landsvirkjun t.d. hækkað raforkuverð undanfarið um tugi prósent á matvælaframleiðendur og ýmiss konar iðnfyrirtæki...“ en Magnús gætir þess að tjá sig ekki um framhaldið: „...á sama tíma og orkuverð í nágrennalöndum hefur lækkað um 54% til 75%“.

Magnús fordast greinilega að tala um samanburðinn við nágrennalöndin enda er hann Landsvirkjun ekki hafgællur. Það er dapurleg aðferðafræði þegar menn eru uppiskroppa með mótrök, að taka hlutina úr samhengi og leggja áherslu á allt annað en inntakið.

Eitt er að taka grein mína úr samhengi en verra er þegar meðaltalsútreikningar eru notaðir til að slá ryki í augu lesenda. Magnús gengur jafnvel svo langt að taka út árið 2007 eitt og sér til samanburðar til að fegra málfletning sinn, sem verður að teljast afvegaleiðandi. Er þetta trikk kannski dæmi um hið hárómaða samtal við þjóðina sem Landsvirkjun hefur svo mikið talað um undanfarið?

Fyrirnefndir meðaltalsútreikningar Magnúsar hjálpuðu t.d. Ölgerðinni lítið þegar við fyrirtækinu blasti 17% hækkun á raforkuverði sem afleiðing af verðstefnu Landsvirkjunar. Í fjölmöldi 16. júní sl. kom m.a. eftirfarandi fram um umrædda hækkun: „Rafmagnsreikningur Ölgerðarinnar, eins stærsta matvöruvirkis landsins, hefur hækkað um 17% á milli ára, eða tífalt meira en almennt verðlag í landinu. Fyrirtækið kaupir raforkuna af Fallorku og hefur Ölgerðin fengið þær upplýsingar frá seljanda að heildsalinn, Landsvirkjun, hafi hækkað meðalverð um 40%“.

Það er m.a. þessi framganga Landsvirkjunar sem grein undirritaðs tekur mið af. Í því samhengi er ágætt að rífa upp að eitt helsta verkefni eiganda Landsvirkjunar er að halda verðbólgu í skefjum. Það verkefni virðist ekki vera á stefnuskrá Landsvirkjunar ef mið er tekið af ofangreindri hækkun. Inntakið í grein minni var m.a. að benda á þetta misræmi og Magnúsi hefði verið sæmra að miða svar sitt við það.



Ómarktæk þjóð



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Þjóðfélagsmáttan á Íslandi er oft meira eins og gjörningaboka en sólskinsblettur. Maður ráfar þar um og reynir að grilla í einhver kennileiti en heyrir aðallega í þokulúðrunum sem baula hver úr sinni átt.

Hefur svo hver nokkuð að baula

Til dæmis þetta með makrílinn og utanríkisstefnuna – þar er margt sagt. Utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, hefur tekið eindregna afstöðu gegn árársstefnu Rússa og með sjálfsvörðunarrétti Úkraínanna um það hvar í sveit þeir vilja skipa sér í Evrópu – og er þó sjálfur í forystu andstæðinga ESB hér á landi og þeirra sem koma í veg fyrir að þjóðin fái að kjósa um áframhald þeirra viðræðna. Hann hefur kosið að nota þetta mál til að sýna að Íslendingar séu mikilvægir í Nató-liðinu en ekki attaníóssar ESB eða annarra. Hann hefur í þessu markað sér sjálfstæði gagnvart þeim pólitíska bakhtarli sem hann er einn talinn hafa, hjá Kaupfélaginu í Skagafirði. Það er lofsvert. Og eins og oft gerist þegar stjórnmalamenn gera eitthvað lofsvert stendur hann einn: samherjar snúast gegn honum en andstæðingar vita ekki alveg hvað þeir eiga að gera við óvæntan bandamann. Og þokulúðarnir baula.

Það er ekki fagnaðarefni að sjá íslensk fyrirtæki missa stóran og mikilvægan markað með þeim afleiðingum að störf og lífsgrundvöllur fólks og fyrirtækja kunna að vera í hættu. Óþarfi að fagna beinlínis

hugsanlegum áföllum í sjávarútvegi. En er þetta áfall? Og hversu stórt? Það er erfitt að átta sig á því í öllu þokulúðrabaulinu. Fyrst töluðu felmtir slegnir útgerðarmenn um 37 milljarða skell. Þegar tekið var að athuga þetta nánar var skyndilega farið að nefna 10-15 milljarða úr þessum ranni og hver veit nema talan fari enn lækkandi; Guðmundur í Brimi segist hætta að eiga í viðskiptum við Rússa því að þeir séu skuldseigir og relli um afslátt. Yfirdrifin viðbrögð útgerðarmanna og talsmanna þeirra við framtaki Rússa hafa enn einu sinni orðið til þess að þessi mikilvæga stétt er sjálfri sér verst í myndargerð; enn einu sinni hefur þeim tekist að teikna upp mynd af sér sem óbilgjörnum frekjuhundum og ofleikandi grenjuskjóðum í vitund almennings. Kannski er þeim sama.

Smáþjóðakænsla

Þar með er ekki sagt að allt sem frá andstæðingum þeirra kemur sé alveg nákvæmt. Það er til dæmis rangt að það sé einhver sérstök nýjung hjá Morgunblaðinu og Davíð Oddssyni nú, að Íslendingar eigi að haga seglum eftir vindi í utanríkisáttum og láta viðskiptahagsmunir ráða för. Það var beinlínis stefna íslenskra stjórnvalda meira og minna alla síðustu öld, eftir að Íslendingar fengu í eigin hendur stjórn utanríkisáttanna, að spila á gagnkvæma tortryggni og óvild stórveldanna og skapa hæfilega óvissu um það hversu traustir bandamenn Íslendingar væru í raun og veru. Og raunar er það fullkomlega eðlilegt að viðskiptahagsmunir fái vissu vægi við mótun utanríkisstefnu; erfitt að myndast sér það þjóðríki sem ekki hafi slík sjónarmið að minnsta kosti til hlíðsjónar. Saga viðskipta Íslendinga og Rússa er löng og merkileg. Þegar maður les bækur Vals Ingimundarsonar um stjórnmalásögu síðustu aldar blasir við hvernig íslensk stjórnvöld hagnýttu sér kalda stríðið,



Fréttablaðið/Erni



Sú forsenda sem útgerðarmenn og málpipur þeirra gefa sér, að hagsmunir útgerðarinnar séu jafnframt þjóðarhagsmunir, er röng.

gáfu Rússum undir fótinn þegar því var að skipta, til að fá þar góð viðskiptakjör, sem þeir notuðu sér svo í samningum við vesturveldin; og lá þá jafnan í loftinu sú hótun að Íslendingar myndu snúast á sveif með Rússum ef þeir fengu ekki eitthvað fyrir sinn snúð. Óþarfi er að skrúfa sig upp í hástemmda retórik yfir slíkri smáþjóðakænslu. Og óþarfi er að lifa sig um of inn í að stefna Nató í hinum og þessum málefnum jafngildi stóradómi sem Íslendingar hljóti að fylgja.

Það tákna þó ekki að við séum ekki marktæk og meinum ekkert með því sem við segjum. Hafi menn viljað fara með löndum í deilum Rússa og Úkraínu þá er tækifærið til þess löngu liðið. Skrytnasta innleggjið í þessari umræðu er áreiðanlega sú umkvörtun útgerðarmanna og talsmanna þeirra, að „þeir hefðu viljað fá að vita þetta fyrir“, þetta hafi allt saman komið eins og þruma úr heidskiru lofti, Gunnar Bragi hafi skirrt við að kynna stefnu sína í málefnum Úkraínu og þær afleiðingar sem hún kynni að hafa. Maðurinn gerði sér sérstaka ferð til Úkraínu til að leggja sérstaka áherslu á stuðning Íslendinga við málstað þarlendra gegn Rússum. Töku samráðherrar hans ekki eftir því? Eru þeir virkilega svona mikið alltaf í eilífðarfrii?

Nú tala þeir (fyrir utan „ekki-náðist-i“-

forsætisráðherra) um að þeir komi alveg af fjöllum: „Ha? Erum við á móti innrás Rússa á Krímskagann? Síðan hvenær?“ Bjarni Benediktsson virðist alltaf hrökkva jafnmikið í kút í hvert sinn sem Davíð Oddsson baular í lúðurinn sinn og vill að Íslendingar leggi snarlega niður sína reistu rófu og hlaupi ylfandi í skjól. Og þar með gera utanríkisráðherra landsins að ómerkingi, og þjóðina að athlægi fyrir vingulshátt, græðgi og ístöðuleysi. Bjarni Benediktsson leggur beinlínis til að Íslendingar verði ómarktæk þjóð. Allt vegna þess að útgerðarmenn fóru ekki að vinna markaðsstarf sitt um leið og það lá fyrir að markaðir kynnu að lokast í Rússlandi.

Hagsmunir útgerðarmanna eiga ekki að stjórna utanríkisstefnu Íslands. Sú forsenda sem útgerðarmenn og málpipur þeirra gefa sér, að hagsmunir útgerðarinnar séu jafnframt þjóðarhagsmunir, er röng. Utgerðarmenn hafa ávaxtað ímyndarpund sitt þannig að stórum hluta þjóðarinnar finnst það ekki koma sér við þó að þeir lendi í vandræðum með markaði. Það kann að vera ósanngjarnt viðhorf, en í því efni þurfa útgerðarmenn að líta í eigin barm og hefjast handa við að reyna að sættast við þjóðina; ekki að fá þjóðina til að sætta sig við forréttindi þeirra heldur leita raunverulegra sátta.

SKÓLASTART Í INTERSPORT!

Glæsilegt úrval af skóla- og sportfatnaði á frábæru verði!

5.990

HUMMEL PEYSA
Bómullarpeysa með
hettu. Litur: Dökkblá.
Barnastærðir.

3.490



PROTOUCH UNS TIGHT
Góðar buxur úr DRY PLUS efni sem heldur svita frá líkamanum.
Litur: Svartar. Barnastærðir.

4.990



PROTOUCH RUNTASTIC
Jakki úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litur: svartur, bleikur.
Barnastærðir

5.490



PUMA FUN TD GRAPHIC
Heilrenndar bómullarpeysur með hettu. Litur: svört, túrkísblá.
Barnastærðir.

4.490



PUMA ESS LARGE LOGO
Polyester buxur með stroffi og rennilás neðan á skálmum. Litur: Svartar. Barnastærðir

Gott verð!
8.990



NIKE REVOLUTION 2
Léttir og góðir skór sem henta vel í skólann.
Litur: Bleikur, bláir. Barnastærðir

Búseta 1.000 eldri borgara í uppnámi



Haraldur Finnsson

Búmenn er húsnæðissamvinnufélag fyrir 50 ára og eldri. Það á 540 íbúðir í 13 sveitarfélögum. Á höfuðborgarsvæðinu eru þessar íbúðir eftirsóttar enda mjög hentugar fyrir eldra fólk. Í íbúðum þeirra búa nú nær 1.000 manns við óvissu eftir að félagið fór í greiðslustöðvun í vor. Gjaldþrot félagsins hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar, bæði fyrir íbúana og íbúðalánasjóð, sem myndi tapa miklum fjármunum. Meðalaldur íbúanna er 70-75 ár, flestir því eftirlaunafólk sem hefur þurft að taka á sig miklar kjaraskerðingar á liðnum árum.

Ef ekki á illa að fara verða stjórnvöld, bæði ríkis og sveitarfélaga, að koma að lausn málsins. Stjórnvöld bera ábyrgð á því hvernig er komið, m.a. með því að íbúar húsnæðissamvinnufélaga sátu ekki við sama borð og aðrir íbúðareigendur varðandi leiðréttingu á húsnæðislánum og reyndar af fleiri ástæðum. Í reglum íbúðalánasjóðs segir að meta skuli þörf fyrir húsnæði. Þrátt fyrir það var lánað til bygginga á svæðum þar sem þörfin var ekki fyrir hendi, líklega fyrir þrýsting frá sveitarfélögum.

Tugir tómrá íbúða

Ábyrgðin er því ekki eingöngu stjórnenda félagsins þó vissulega hafi ýmislegt farið úrskeiðis hjá þeim. Vandí félagsins felst einkum í endurgreiðslu á búseturétti í íbúðum sem ekki hefur tekist að selja aftur. Félagið situr uppi með nokkra tugir tómrá íbúða í nokkrum sveitarfélögum, einkum á Suðurnesjum og í Hveragerði. Vandinn er bundinn við ákveðin svæði, annars staðar eru íbúðirnar eftirsóttar. En allir íbúar Búmannabúða eru samábyrgir. Þegar almennir sjóðir félagsins dugðu ekki til að greiða út búseturétti greip stjórnin til þess óyndisúræðis að nýta Viðhaldssjóð félagsins sem allir íbúar hafa greitt í til að sinna eðlilegu viðhaldi, án þess að spyrja eða láta íbúa vita.

Hvergi kemur fram í lögnum að sú notkun sjóðsins sé heimil. Þarna var fé í eigu félagsmanna notað á mjög vafasaman hátt. Stjórn félagsins hefur tregðast við að upplýsa og hafa samráð við félagsmenn. Hefur frestað að halda aðalfund fram í september þó sam-



Fréttablaðið/Pjetur



Boðuð frumvörp um húsnæðismál duga ekki í þessu máli. Leysa verður málið strax. Annars lenda 1.000 íbúar, flestir á eftirlaunaaldri, í ógöngum með búsetu sína? Hvernig ætla sveitarfélögin, þar sem þessar íbúðir eru, að bregðast við?

þykktir segi að hann skuli halda í júní. Þrátt fyrir að lög og samþykktir segi til um að þá skuli ráðuneyti grípa inn í þá gerist ekkert. Núverandi staða íbúanna er misjöfn eftir byggingarflokkum en greiðslur af lánum hafa hækkað jafnt og þétt og auk þess þarf að greiða fasteignagjöld, tryggingar, rekstur húsfélagsins og svo áfram í viðhaldssjóð sem er nánast tómur eftir að hafa verið (mis)notaður í að greiða út búseturéttargjöld. Sérstaklega bitnar þetta illa á einhleypum og þeim sem missa maka og þurfa að greiða af íbúð sinni einir. Þegar mánaðargjöld af íbúð hjá Búmonnum eru komin í 150-200 þúsund á mánuði þá er ljóst að staðan er alvarleg fyrir einstakling á lágmarkslífeyri.

Boðuð frumvörp um húsnæðismál duga ekki í þessu máli. Leysa verður málið strax. Annars lenda 1.000 íbúar, flestir á eftirlaunaaldri, í ógöngum með búsetu sína. Hvernig ætla sveitarfélögin, þar sem þessar íbúðir eru, að bregðast við?

Á enn einu sinni að herða að eftirlaunafólki og ganga á rétt þess?

Enginn er eyland



Þróstur Ólafsson
hagfræðingur

Ísland er smáríki. Ef tekið er mið af íbúafjölda erum við örþjóð. Menningarlega, stjórnmálalega og sögulega erum við hluti þeirrar vestrænu samfélagstílaunar sem enn stendur yfir. Frelsi einstaklingsins, mannréttindi, réttarríki og lýðræði eru meginstöðir vestræns samfélags. Ekkert af fyrrnefndum gildum er sjálfgefið. Að baki þessa samfélagsforms liggur aldalöng hörð og blóðug barátta þjóða V-Evrópu og síðar N-Ameríku. Förnir þessara þjóða fyrir réttlátara og frjálssara samfélagi voru miklar. Þær má víða sjá í kirkjugörðum beggja vegna Atlantshafsins. Þegar Íslendingar loksins hristu af sér aldalanga fjöttra kúgunar, stöðunar og doda, þá var það ekki hvað síst að þakka frelsishreyfingum úti í Evrópu. Þaðan komu þeir straumar sem við nýttum og leiddu til fullveldis og frelsis. Förnir Evrópu voru okkar fengur. Þessi stöðuga barátta hefur síðan haldið áfram gegnum seinni heimsstyrjöldina þar sem tugir milljóna létu lífið, og síðan í varðstöðu kalda stríðsins. Samfélög okkar eru eftirsóknarverð. Nánast allir þeir sem nú flýja lönd sín stefna ótrauðir til landa ESB eða BNA. Hvorki Kína né Rússland eru áfangastaðir þeirra.

Friðarsáttmálar Evrópu

Evrópa lá í rústum eftir seinni heimsstyrjöldina. Búið var að umturna landamærum ríkja. Í framhaldi var hafin vinna að gerð varanlegs friðar í álfunni. Samkomulag náðist loks í Helsinki 1976 og annað við sameiningu Þýskalands 1991. Meginniðurstaðan var að ekki mætti breyta landamærum í Evrópu nema með samþykki allra hlutadeigandi þjóða. Undir þetta skrifuðu Sovétríkin og síðar Rússland. Arið 1992 gerðu Úkraína og Rússland sérstakt samkomulag, þar sem það síðarnefnda viðurkendi þáverandi landamæri Úkraínu og ríkið sem frjálst og fullvalda. Innlimun héraðs í Georgíu í Rússland var mótmælt en litlar refsiráðstafanir ákveðnar. Þegar Rússar svo færa sig upp á skaftið og innlima Krímu í andstöðu við stjórn Úkraínu og eftir einhliða atkvæðagreiðslu undir vopnaðni, er það friðrof og skýrt brot á því samkomulagi sem tryggja átti frið í Evrópu.



Sigmundur Guðbjarnason
prófessor emeritus

Í grein sem birtist í tímaritinu New Scientist í ágúst 2015 er fjallað um hjartahnoð, sem oft er beitt við óvænt hjartastopp og getur komið í veg fyrir heilaskaða þar til hjálp berst og bjargar þannig lífi þess sem varð fyrir áfallinu. Bob Trenkamp kennir þessa aðferð á vegum samtaka sem nefnast „Saving Lives“ eða „Björgum lífi“ í Savannah í Georgia í Bandaríkjunum og svaraði hann nokkrum spurningum blaðamannsins Jessicu Harnzelou. Jessicu spurði: „Eru einhver vandamál varðandi þá aðferð sem er notuð í dag við hjartahnoð?“ Bob svaraði: „Til að pressa brjóstakassann niður um 5 cm, sem er nauðsynlegt til að hjartað dæli eftir hjartastopp, þá þarf að beita þrýstingi sem er 59 kg á bringubeini. Þú heldur ef til vill að þetta sé ekki mikið en konan mín er 52 kg svo þetta verður erfitt fyrir mig.



Frá herafingu Úkraínuhers fyrr í þessum mánuði. Greinarhöfundur fjallar um fyrri stríð í Evrópu, yfiringang Rússa í garð Úkraínu og viðbrögð hér heima. Fréttablaðið/EPA



Á nokkrum árum hefur þjóðernishlöðnum áburðarkerrum skammsýnna sérhagsmuna tekist að rugla dómgreind hluta þjóðarinnar alvarlega.

Viðbrögð við yfiringang

Þegar rússneskir aðskilnaðarsinnar tóku svo að herja í austurhluta Úkraínu með dyggri aðstoð Rússa, átti öllum að vera ljóst hvert Pútín Rússland stefndi. Vopnaskak Rússa gagnvart Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og fleiri þjóðum, skaut litlum ríkjum í nálægð við Rússland miklum skelki í bringu. Þau óttuðust aðskilnaðarbrölt stutt af Rússum. Þau kröfðust þess að ESB og BNA svörðuðu, bæði með hernaðarstyrk og refsiaðgerðum. Þessu var í fyrstu seinlega tekið einkum af stóru löndunum í ESB. Reyna skyldi samningaleiðina til þrautar. Þrátt fyrir óteljandi fundi varð Rússum ekki haggad. Ákveðið var þá að setja bann við vopnasölu, frýstingu á innistæðum nokkurra Kremhverja og takmarkanir á fjármálaviðskipti marga rússneskra banka og fyrirtækja. Rússar svörðuðu með innflutningsbanni á matvæli. Rússland er ekki lýðræðisríki og hefur aldrei verið. Það er orþóðox valdbeitingarriki. Viðskiptahindranirnar eru aðvörðun. Þær sýna samstöðu með litlu ríkjum ekki hvað síst við Eystrasalt andspænis yfiringangi og vopnaskaki. Þátttaka

Íslendinga er yfirlýsing um samstöðu á sambærilegan hátt og Jón Baldvin gerði 1992. Enginn er eyland, sagði írski klerkurinn John Donne, öll erum við hluti stærra meginlands.

Háskaleg einangrun

En við gerum þetta jafnframt fyrir okkur sjálf. Við viljum ekki standa ein ef okkur skyldi verða ógnað. Við fylgðum vinnuþjóðum okkar í verki. En það undarlega gerðist að þegar svo Rússar svörðuðu með innflutningsbanni á sjávarfang, þá var eins og hugarheimur margra umturnaðist. Viðbrögð lýðskrumara (pópúlista) allra flokka komu ekki á óvart. Í fjölmiðlum fór fram kostleg umræða um hvort horfið skyldi frá samstöðu með vinnuþjóðum af því að við gátum ekki lengur selt makríl til Rússlands. Sjóndeildarhringurinn náði ekki út fyrir rönd grautardisksins. Á nokkrum árum hefur þjóðernishlöðnum áburðarkerrum skammsýnna sérhagsmuna tekist að rugla dómgreind hluta þjóðarinnar alvarlega. Menn ýmist harma að við skyldum hafa slegist í för með vestrænum vinnuþjóðum eða vilja ganga svo langt að afturkalla stuðning okkar. Hvilik reisn, hvilik staðfesta, hvilik sjálfsvirðing! Jafnvel formaður Sjálfstæðisflokksins lét að því liggja að við hefðum í upphafi átt að íhuga betur stuðning okkar. Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Samhliða þessu kemur í ljós önnur og ekki síður alvarleg hlið þessa máls sem er skaddað og klúðrað samband okkar við ESB, mikilvægasta viðskiptabandalag okkar. Það sýnir hve sú utanríkisstefna sem byggir á hatursandstöðu við ESB er háskaleg til lengdar. Hún hornsetur hagsmunum þjóðarinnar.

Hjartahnoð með hælnum

Hún getur ekki náð þessum þrýstingi þegar hún er á hnjúnum hjá mér en hún getur þetta með hælnum ef hún stendur upprétt.“

„Hvernig datt þér í hug að nota hælinn við hjartahnoð?“ „Ég lifi í samfélagi eldri borgara þar sem margir eru með liðagigt í úlnlið og handleggjum. Þeir gátu ekki náð viðunandi þrýstingi á æfingadúkku svo ég sagði við einn náungann, notaðu stól til að styðjast við og notaðu svo hælinn til að ná fram nægum þrýstingi á bringubeini.“

„Hvernig gerir þú hjartahnoð standandi?“ „Þú tekur af þér skóna og stendur við höfuðið á þeim meðvitundarlaus, snýrð að fótum hans og styður þig við stól. Næst setur þú hæl á mitt brjóstið milli geirvartanna og ýtir niður tvisvar á sekúndu.“

„Er auðveldara að gefa hjartahnoð standandi?“ „Eldra fólk fær oftast hjartastopp og þá heima hjá sér. Oftast er makinn á svipuðum aldri. Við báðum 44 einstaklinga sem voru í áhættuhópi að gefa dúkkunni hjartahnoð í 10 mín. sem er sá tími sem tekur sjúkrahúsið að komast á staðinn. Aðeins sjö einstaklingar gátu gert þetta. Þrír úr hópnum gátu ekki farið niður á gólflið vegna vanheilsu.

Rúmlega helmingur þeirra sem voru í hópnum gat veitt hjartahnoð með hælnum.“

Að lokum spurði Jessicu: „Ert þú líklegur til að meidda einhvern?“ Bob svaraði: „Við venjulegt hjartahnoð gert með réttum þrýstingi gæti maður skaðað rifbein í einhverjum, fólk kallar það rifbrot en þau brotna yfirleitt ekki en losna frá bringubeininu. Það getur tekið allt að 60 daga að lagast aftur en ef ekki er notaður nægur þrýstingur á bringubeinið við hjartahnoð þá deyr einstaklingurinn.“

Þessu er hér komið á framfæri því við sjáum oft í dagblöðum fréttir af því að einhver hafi orðið bráðkvaddur, hafi dáíð skyndidauda, ýmist eldri og jafnvel yngri einstaklingar. Frá Embætti landlæknis fáum við þær upplýsingar að fjöldi þeirra sem deyja skyndidauda utan sjúkrahúsa sé á bilinu 120-140 á ári og í 80% tilvika hjá fullorðnum er orsök hjartastopp. Fólk er hvatt til að kynna sér einföld viðbrögð við hjartastoppi sem Endurlífgunarráð, Landlækniseimbættið og Rauði kross Íslands hafa kynnt. Þessar leiðbeiningar má finna á netinu en hjartahnoð með hælnum er þar ekki að finna en gæti komið að gagni við sérstakar aðstæður.



HAVANA
hægindastóll

MARGIR
LITIR
FÁANLEGIR

VERÐ FRÁ
79.990
KR.

HÚSGAGNAHÖLLIN

KROSSAÐU

VIÐ

MARKAÐSRÁÐSTEFNA
28. ÁGÚST Í HÖRPU

DAGINN

HAFNA AUGLÝSINGAR SKIPT UM LÖGHEIMILI?



LUKE EID
D A N

FORSTJÓRI
DIGITAL ARTS NETWORK
TBWA\WORLDWIDE

Luke Eid stýrir Digital Arts Network, alþjóðlegu neti stafrænnar miðlunar TBWA, sem samanstendur af um 1.000 sérfræðingum í sex heimsálfum. Luke er einnig þróunarstjóri TBWA á heimsvísu en í því starfi ber hann ábyrgð á þróun og framkvæmd stafrænnar miðlunar fyrir alþjóðleg fyrirtæki og viðskiptavinum á borð við Nissan og AirBnB.

Luke á langan og glæstan feril að baki en í heimalandi hans Ástralíu rak hann eigið fyrirtæki í stafrænni markaðssetningu áður en hann hóf störf hjá TBWA árið 2007. Hann átti stóran þátt í að gera TBWA í Sydney, leiðandi í stafrænni markaðssetningu þar í landi sem og í Hong Kong og víðar í Asíu þar sem hann leiddi stafræna markaðssetningu fyrir Nissan, Infiniti, Pacific Brands, CSL, Coach og Standard Charter Bank, svo fátt eitt sé nefnt.

ANDRÉS JÓNSSON

FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ GÓÐUM SAMSKIPTUM

GÍSLI STEINAR INGÓLFFSSON

RÁÐGGJAFI OG FORSTÖÐUMAÐUR
VÖRUPRÓUNAR HJÁ GALLUP RANNSÓKNUM

ALBERT ÞÓR KRISTJÁNSSON

VEFSTJÓRI OLÍUVERZLUNAR ÍSLANDS

FRIDRIK EYSTEINSSON

REKSTRARHAGFRÆÐINGUR

BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR

VERKEFNASTJÓRI MARKAÐSDEILDAR ISAVIA



KROSSMIÐLUN
2015

MIÐASALA Á HARPA.IS

PIPAR\TBWA

Bolt varði gullið er hann kom í mark sekúndubroti á undan Gatlin



Á tæpasta vaði Aðeins einu sekúndubroti munaði á Usain Bolt og Justin Gatlin í úrslitum karlaflokks í 100 metra hlaupi. Gatlin sem á fimm bestu tíma ársins reynir hér á myndinni að teygja fram hausinn til þess að koma á undan Bolt í mark en án árangurs. NordicPhotos/Getty

Um helgina

Enska úrvalsdeildin

Manchester Utd	0-0	Newcastle	
Crystal Palace	2-1	Aston Villa	
Leicester	1-1	Tottenham	
Norwich	1-1	Stoke City	
Sunderland	1-1	Swansea	
West Ham	3-4	Bournemouth	
WBA	2-3	Chelsea	
Watford	0-0	Southampton	
Everton	0-2	Manchester City	
Efst		Neðst	
Man. City	9	Stoke City	2
Leicester	7	Newcastle	2
Man. Utd.	7	Southampton	2
C. Palace	6	Sunderland	1
Liverpool	6	West Brom	1

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea sem náði aðeins jafntefli gegn Sunderland. Gylfi lék allar níutíu mínútur leiksins en hann fékk gult spjald í uppbótartíma.

Stærstu úrslitin

Tíu leikmenn Chelsea héldu út síðasta hálf tímamann í 3-2 sigri á WBA og tryggðu ensku meisturinum fyrsta sigur félagsins á tímabilinu.

Hetjan Pedro, sem gekk til liðs við Chelsea á dögnum, lagði upp eitt og skoraði annað í fyrsta leik sínum fyrir ensku meistaranna.

Kom á óvart Callum Wilson er nafn sem ekki margir þekkja en framherjinn skoraði fyrsta mark í sögu Bournemouth í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Wilson fylgdi eftir fyrsta marki sínu með tveimur mörkum til viðbótar í fyrsta sigri Bournemouth í ensku úrvalsdeildinni.

Munaði litlu að minn maður Gatlin tæki þetta en Bolt er vel að þessu kominn og er einn af þeim bestu all time.

Hörður Magnússon
@HoddiMagnusson

HAMILTON ÖSTÖÐVANDI

Enginn virðist geta stöðvað breska ökuþórin Lewis Hamilton í Formúlunni í ár en hann kom fyrstur í mark í belgíska kappakstrinum um helgina. Er hann með 28 stig forskot á liðsfélaga sinn hjá Mercedes, Nico Rosberg, sem lenti í öðru sæti í Belgíu í baráttunni um heimsmeistaratitil ökuþóra.



EIMSKIPSMÓTARÖÐINNI LOKID

Eimskipsmótaröðinni í golfi lauk í gær á Urriðavelli en Axel Bóasson og Tinna Jóhannesdóttir úr GK enduðu sem stigameistarar þetta árið. Axel náði aðeins 15. sætinu á lokamótinu sem Haraldur Franklín úr GR sigraði en það dugði honum til þess að tryggja titilinn í ár. Í kvennaflokki var spennan heldur meiri, var Tinna í harðri baráttu við Signýju Arnórsdóttir, nýkrýnda Íslandsmeistarann. Tinna og Signý voru jafnar fyrir lokahringinn í gær en góð spilamennska Tinnu á lokahringnum tryggði titilinn. Þetta er í fyrsta sinn sem Tinna sem og Axel verða stigameistarar

Í dag

19.00	Arsenal - Liverpool	Sport 2
20.00	Stjarnan - Breiðablik	Sport 3
21.00	Messan	Sport 2
18.00	Valur - Fylkir	Laugardalsvöllur
18.00	Leiknir R. - FH	Leiknisvöllur
18.00	ÍA - Fjölnir	Norðurlausavöllur

Jón meðtekur allt á æfingum

Craig Pedersen var ánægður að sjá aðra leikmenn stiga upp í fjarveru lykilleikmanna í Eistlandi. Hann segir Jón fylgjast grannt með á bekknum.

KÖRFUBOLTI Íslenska landsliðið í körfuknattleik lauk leik á æfingamóti í Eistlandi um helgina. Íslenska liðinu tókst að vinna tvo leiki eftir að hafa tapað fyrsta leiknum.

Craig Pedersen, þjálfari íslenska landsliðsins, var skiljanlega sáttur með mótið sem undirbúningur en Ísland á fyrsta leik á Eurobasket gegn Þýskalandi eftir tæplega tvær vikur.

„Ég er mjög ánægður með spilamennskuna á mótinu, flæðið í leik liðsins er orðið mun betra. Fyrir vikið vorum við að fá mikið af opnum skotum sem við þurfum að treysta á. Við þurfum að fá þessi skot áfram.“

Craig var ánægður með viðbrögð leikmanna sinna við tapinu í fyrsta leiknum en Ísland tapaði með 20 stigum gegn heimamönnum í fyrsta leik.

„Það var mjög jákvætt að aðrir leikmenn stigu upp í fjarveru Jóns og Hauks í leikjunum gegn Hollandi og Filippseyjum. Mér fannst úrslitin gegn Eistlandi ekki gefa rétta mynd af leiknum.“

Jón Arnór er heill heilsu

Það munaði um að Jón Arnór Stefánsson, einn besti leikmaður liðsins, gæti ekki tekið þátt í leikjunum en hann hefur ekki tekið þátt í undanförunum fjórum leikjum.

„Hann gat alveg verið með okkur í seinustu tveimur leikjunum en við vildum leyfa honum að hvíla sig og að gefa öðrum leikmönnum tækifæri. Jón er hins vegar heill heilsu

og gæti leikið leik á morgun. Honum hefur tekist að meðtaka allt á æfingum, hann er svo gáfaður körfuboltamaður.“

Þufum að passa vel upp á boltann

Craig segist ekki hafa miklar áhyggjur af hæðarmismuninum sem verður á Eurobasket. Íslenska liðið er töluvert lægra en mótherjarnir í keppninni. „Við vorum að taka fæst fráköst á mótinu en það var ekkert afgerandi. Þetta jafnast síðan út með töpuðum boltum og við stöðum okkur vel í þeirri tölfraði,“ sagði Craig sem var sérstaklega ánægður með sigurinn gegn Hollandi.

„Holland veit hvernig við viljum spila enda í þriðja sinn sem við mætumst. Það var frábært að geta þrátt fyrir það strítt þeim með varnarleiknum.“
kristinnpall@365.is



Jón Arnór hefur hvílt undanfarna leiki en verður klár í slaginn á EM.



ENSKI BOLTINN

ARSENAL-LIVERPOOL

SPORT 2 Skyttur Arsène Wenger fá Rauða herinn frá Liverpool í heimsókn í kvöld og má gera ráð fyrir hörkuleik. Ekki missa af stórleik umferðarinnar og svo Messunni með Hjørvari Hafliða á **Stöð 2 Sport 2**.

FÓLK

KYNNINGARBLAD



LEIRLIST

Katrín V. Karlsdóttir hagnar og framleiðir ölkruisir og snafsaglös úr leir en innblásturinn sækir hún til víkinga.

Síða 2

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARN&GLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



ÍSLENSKT CHILI Piparsveppur, logandi sterkur og hentar sem krydd þegar búið er að þurrka hann.

VERT AÐ VANDA SIG

MATSVEPPIR Sveppir skjóta nú upp kollinum um allar grundir og rétti tíminn til að tína. Bjarni Diðrik Sigurðsson hefur gefið út sveppahandbók.

Besti tíminn er frá því snemma í ágúst og þar til seint í september. Í ár er allt um það bil tveimur vikum seinna á ferðinni og því er sveppatíminn að byrja núna. Best er að tína tveimur til þremur dögum eftir góða rigningu," segir Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor í skógræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, en bók hans, Sveppahandbókin, 100 tegundir íslenskra villisveppa kom út nú á dögnum.

Bjarni segir sveppatínslu stórskemmtilegt fjölskyldusport og Íslendingar mættu vera miklu duglegri að tína. Árlega séu fluttir til landsins villisveppir fyrir 200 milljónir, tegundir sem vaxi hér um allar grundir. Þegar við rennum niður ilmandi villisveppasúpu á fínum veitingastað eru allar líkur á því að miklu betra hráefni vaxi í næsta skógi.

„Íslendingar og fleiri þjóðir tíndu niður þekkingunni á nýtingu matsveppa á miðöldum. Á 19. öld komst það í tísku til dæmis í Svíþjóð og Noregi og nú erum við að byrja. Við „stórsveppirnir“ viljum stuðla að því að gera íslenska matarmenningu fjölbreyttari," segir Bjarni.

Um 700 tegundir hattsveppa vaxa á Íslandi en einungis tíu prósent þeirra eru matsveppir. Líkurnar á því að tína eitthvað óæskilegt eru því talsverðar fyrir óreynda.

„Það þarf enginn að vera hræddur við að tína sveppi en það þarf að vanda sig," segir Bjarni. „Ef fólk fer út og tínir bara eitthvað eru níutíu prósent líkur á að það sé ekki

mannamatur og í allra versta falli getur fólk dáið. Það eru þó mjög fáar tegundir svo eittraðar en áður en fólk fer af stað ætti það að afla sér upplýsinga, útvega sér handbók, fara á námskeið eða fá að fljóta með einhverjum vönum til að læra af. Í raun er nóg að þekkja bara eina tegund til að njóta ávaxta svepparíkisins," segir Bjarni.

Hann segir flesta byrja á að tína pípusveppi, það eru þeir sem eru eins og svampdýna undir hattinum. Fjórtán tegundir pípusveppa vaxa á Íslandi og þrettán þeirra eru ætar. Sú fjórtánda er ekki eitruð en þó svo logandi sterk að hana ætti einungis að nota sem krydd í matargerð.

Erfiðari flokkar eru sveppir með rif undir hattinum. Í þeim flokki eru bæði eðalmatsveppir og baneitraðir sveppir. „Þá þarf fólk að vera alveg öruggt á því hvað það er að tína" segir Bjarni en við vinnslu bókarinnar lagði hann áherslu á að hún yrði notendavæn og á mannamáli.

Í bókinni eru 80 tegundir matsveppa og einnig 20 tegundir eittraðra sveppa sem hættast er við að rugla saman við matsveppi. Í bókinni eru einnig greiningar á umhverfinu, útbreiðslukort hvernar tegundar á Íslandi og mynd sem sýnir í hvaða mánuði viðkomandi sveppur er að koma upp. Þá er sérstakur kafli yfir frágang sveppa til geymslu sem er ekki síður mikilvægt atriði en það að tína æta sveppi.

heida@365.is



STÓRSVEPPUR Bjarni Diðrik Sigurðsson skógræðingur hefur gefið út bókina Sveppahandbókin, 100 tegundir íslenskra villisveppa. MYND/BJARNI DIÐRIK SIGURÐSSON

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Verðdæmi: Harðparket eikarplanki 8mm kr. 1990.- m²
Tarkett viðarparket eik 3 stafa kr. 3990.- m²
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
Gólfflísar 30 x 60 frá kr. 1990.- m²

ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með
20%-70% afslætti



ALFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET..

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölu menn:
Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á Vernd gegn klámi.



FJÖLBREYTT Ölkrús með Sleipni, mjaðarglas með Yggdrasil og tvö snafsaglós.

MYND/ERNIR

SOPINN ER GÓÐUR

LEIRGERÐ *Katrín V. Karlsdóttir* hennar og framleiðir ölkrúsir og snafsaglós úr leir. Innblásturinn sækir hún til víkinga.

Leir á allan hug listakonunnar **Katrínar V. Karlsdóttur** en hún útskrifaðist úr keramikdeild Listaháskóla Íslands árið 2001. Hún hefur alltaf haft gaman af munsturgerð, þar á meðal fléttumunstri, og hóf þess vegna að kanna fléttumunstur og list frá víkingatímanum. „Þessi áhugi varð til þess að ég slóst í för með Víkingafélaginu Rimmugýgi í Hafnarfirði í nokkur ár. Það var afskaplega skemmtilegt og gefandi reynsla. Mikil áhersla er lögð á að varðveita gömul vinnubrögð og vera trúr þeirri vitneskju sem við höfum um víkingana við endurgerð handverks.“

Mjöldur hefur oft verið talinn drykkur víkinganna og því hóf **Katrín** að búa til mjaðarglós með myndum sem spretta upp úr norrænni goðafræði, Snorra Eddu, Hávamálum og Völuspá. „Ég notaði gjarnan textabrot úr þessum sögum sem ég skrifaði á rúnalettri á krúsirnar. Mörgum víkingum finnst gott að fá sér öl í krús og er ég þar engin undantekning. Þess vegna fór ég að hanna ölkrúsir í sama stíl og mjaðarglósir og fljótlega bættust snafsaglósir við. Smám saman þróuðust tvær meginseríur, önnur er keilulaga og hin sívöl með dældum fyrir betra grip.“

VEL HEITT

Katrín notar rauðan leir sem hún brennir við 1.245°C hita í rafmagnsofni. „Þá verður hann svo fallega dökkrauðbrúnn. Að innan nota ég ljóst terra sigillata sem er sérstakt efni sem búið er til úr allra fínustu ögnum leirs. Þetta er mjög gömul aðferð til að gera leirinn vatnsþéttan, lokar yfirborðinu og gefur silfraða satínáferð.“

Krúsirnar eru handmótaðar úr útflöttum leir sem lyft er upp og mótaður í sívalning eða keilu og botninum svo bætt við. „Keilulögðu krúsirnar eru alltaf með sama munstrið sem ég er búin að skera út í mót. Ölkrúsirnar er tileinkuð Óðni með Sleipni öðrum megin og Hugin og Munin hinu megin. Mjaðarglasið sýnir tréð Yggdrasil með orminum Níðhöggi sem nagar rætur þess. Snafsaglósir eru tvö, stórt og lítið. Það stærra er með ormi sem er mjög algengur í list víkinga og minna snafsaglasið er bara með texta. Á báðum snafsaglósunum stendur „sopinn er góður“.“

Krúsirnar fást í Kaolin Keramik Gallerí sem **Katrín** rekur ásamt átta öðrum leirlistamönnum á Skóla-



HEFÐIN „Mikil áhersla er lögð á að varðveita gömul vinnubrögð og vera trúr þeirri vitneskju sem við höfum um víkingana við endurgerð handverks,“ segir leirlistakonan **Katrín V. Karlsdóttir**.

MYND/ERNIR



vörðustíg í Reykjavík. Einnig fást þær í Galleríi Korpúlfsstaða í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um krúsirnar og fleiri verk **Katrínar** má finna á www.kvalka.net, á facebook undir **KvalkaHandverk** og á Instagram (@kvalkaceramic).

■ starri@365.is

GÖMUL GRÍMA

Skreytt með mynd af grímu svipaðri og fannst á bautasteini frá víkingatíma í Danmörku.

MYND/ÚR EINKASAFNI

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þauvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.Í. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

**FÉKKSTU EKKI
BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?**

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á dreifing@postdreifing.is

Post dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Eggert Mariuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Guðrún Dillj
Lúðvíksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
sölufulltrúi
Sími 661 7788



Nadia Katrin
sölufulltrúi
Sími 692 5002

www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Birkiás 41, Garðabæ
Opíð hús miðv.d. 26. ág.
kl. 17:00-17:30

59,7 m


- Raðhús á tveimur hæðum
- 4 herbergja, 182,6 fm. Þar af 24,7 fm bílskúr
- 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi
- "master bedroom" svefnherb. m/baðherb. fataherb. og útgengi út á stórar svalir.
- Sólrík suðurverönd. Norðvestur svalir.
- Vel nýtilegur bílskúr. Stórkostlegt útsýni

Miðtún 80, Rvk.
Opíð hús miðv.d. 26. ág.
kl. 18:00-18:30

31,5 m

- Rúmgóð 3ja herbergja, skráð hjá bl, 100,6 fm
- Sér inngangur
- Þvottahús og geymsla, sama hæð og íbúð
- Öll herbergin stór og rúmgóð
- 2 svefnherbergi
- Endurnýjað baðherbergi 2007

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905



Húsið er hið glæsilegasta og á vinsælum stað í Ásahverfinu í Garðabæ.

Glæsilegt einbýli

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu glæsilegt einbýlishús við Hraunás í Garðabæ.

Húsið er hið glæsilegasta, 283,7 fermetra á tveimur hæðum ásamt 26,9 fermetra innbyggðum bílskúr, samtals 310,6 fermetrar á vinsælum stað í Ásahverfinu í Garðabæ. Möguleiki er að útbúa

séríbúð á neðri hæð.

Fallegar eikarinnréttingar í öllu húsinu ásamt eikarparketi og flísam á gólfum. Allar innihurðir eru 2,50 m á hæð. Gólfhiti er í öllu húsinu nema bílskúr en þar eru ofnar. Seljandi skilar húsinu nýmáluðu.

Húsið er staðsett ofan götu og er glæsilegt útsýni af efri hæðinni yfir hraunið, í átt að Bessastöðum, Snæfellsjökli og

viðar. Glæsileg frágengin lóð með fallegum gróðri og hellulögðum stéttum.

Á neðri hæð eru forstofa, baðherbergi, hol og tvö herbergi. Á efri hæð er sjónvarpshol, þvottahús, gestasalerni, baðherbergi, eldhús, stofa, herbergi og hjónaherbergi.

Inngengt er í bílskúrinn úr forstofu.

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

heimili
fasteignasala
- á traustum grunni

Bogi Pétursson lögg.fasteignasali	Finnþógi Hilmarsson lögg. fasteignasali	Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi	Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali	Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð	Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi	Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði	Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi	Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

<p>Holtsbúð 39 - Einbýli - Opíð hús Opíð hús í dag kl 17:00- 17:30 Einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Húsið stendur á hornlóð á rólegum stað í Garðabæ. 3 svefnherbergi, stofur og sólstofa, stórt hellulagð bilastæði og fallegur garður í mikilli rækt. V. 49,0 m.</p>	<p>Miklabraut 72 - 2ja ásamt aukaíbúð. Opíð hús. Opíð hús í dag frá kl. 17:15 - 17:45. Eign með góða tekjumöguleika, alls um 80 fm 2ja herbergja íbúð ásamt stúdíóíbúð á jarðhæð/kj. Eignin snýr nánast öll í suður frá Miklabrautinni og er í ágætðu ástandi sem og húsið. Verð 27,5 milljónir. Frekari upplýsingar veitir Finnþógi, 895-1098.</p>	<p>Frostafold 22 - góð 2ja á jarðhæð. Opíð hús. Opíð hús í dag frá kl. 18:15 - 18:45. Vel skipulögð og björt 55 fm endalíbúð á jarðhæð með sérverönd. Eldhús er opíð við stofuna. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Íbúð sem er kjörin sem fyrsta íbúð. Úr stofu er gengið út á sér suðurverönd. Verð 22,5 millj. Frekari upplýsingar veitir Finnþógi, 895-1098.</p>	<p>Fagrihjáll 42 - Parhús - Opíð hús Opíð hús í dag kl 17:30 - 18:00 Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og bjartar stofur, sólstofa, suðursvalir, tveir sólpallar, hellulagð bilastæði og mikið útsýni. V. 49,0 m.</p>	<p>Sjárvargata 4 - Einbýlishús - Opíð hús Opíð hús í dag kl 17:30-18:00 Rúmgott og vel skipulagð 220 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur innst í botnlanga á hornlóð og frá því mikið útsýni. Fjögur góð svefnherbergi og góðar stofur, sólstofa og afgirtur sólpallar.</p>
<p>Furuás 1, Grb. - einbýli á einni hæð. Sérlega vel hannað um 250 fm einbýlishús. Húsið er vandað að allri gerð og í því eru fjögur stór svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Stórt fjölskyldueldhús, sólpallar og heitur pottur. Tvöfaldur innbyggður 51 fm bílskúr, í dag innréttaður sem íbúð. Möguleg skipti á minni eign.</p>	<p>Fitjahlíð Skorradal - Sumarhús Sumarhúsið skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi og svefnloft. Góð verönd þar sem skipt var um dekk síðasta sumar og heitur pottur. Rafmáfskynding og kamína í stofu. Bátaskýli og sex manna gúmmýbátur með 20 hestafllu utanborðsmótör fylgir ásamt veiðirétti í vatninu. V. 17,5 m</p>	<p>Bæjargil - Raðhús Rúmgott 211 fm raðhús á tveimur hæðum og með sérstandandi bílskúr í barnvænu hverfi. Góðar stofur, möguleki á fjórum svefnherbergjum, nýlegt baðherbergi á efri hæð, skjólgóður bakgarður til suðurs. Falleg eign á góðum stað í Garðabæ. V. 54,9 m</p>	<p>Fossvogur - Einbýlishús: Vandað einbýlishús á einni hæð og innbyggðum bílskúr. Húsið stendur ofan götu í litlum botnlanga. Húsið stendur í stóri afgirtu lóð. Sólpallar eru á suður og vesturhlíð hússins. Húsið var endurinnréttað að innan árið 2001. Í því eru fimm - sex svefnherbergi og tvö baðherbergi og góðar stofur. Möguleg skipti á minni fasteign í sama hverfi.</p>	<p>Laugarnesvegur - 3ja herb. Töluvert endurnýjað 3ja herbergja hæð í sjarmerandi bárujárnshúsi við Laugarnesveg. Tvö mjög rúmgóð herbergi og björt stofa. Endurnýjað bað og eldhús. Sérinngangur og bilastæði. Frekari upplýsingar veitir Finnþógi, 895-1098.</p>



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
ellias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Seltjarnarnes – Einbýlishús óskast

Óskum eftir 250-300 fm. einbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Má þarfnast lagfæringa. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.

Byggingarlóðir í byggðu hverfi í Kópavogi

Höfum til sölu fjórar byggingarlóðir undir þarhús og eina undir einbýlishúsi í Hvörfunum í Kópavogi. Lóðirnar eru byggingarhæfar nú þegar. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Goðatún – Garðabæ



Virkegla fallett og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórrar útigeymslu. Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með viðar- og hellulagðri verönd með heitum potti.

Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförunum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Eignin er byggð á vandaðan máta og eru innihurðir og hluti loftaklæðinga úr tekki.

Verð 59,9 millj.

Hlíðarás - Hafnarfirði. Einbýlishús á útssýnisstað.



Glæsilegt 289,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 45,4 fm. bílskúr. Húsið stendur á útsýnisstað við opið óbyggt svæði. Mikils útsýnis nýtur úr stofum til norðurs og útgengi er á stórar svalir með glerhandriði til norðurs og vesturs.

Aukin lofthæð er á báðum hæðum og extra háar innihurðir. Gólfhiti er í húsinu. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.

Naustavör 2 – 12, Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 87,5 fm. upp í 153,9 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Staði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Langalína 28- 32, Sjálandi Gb. Nýjar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir.



